

ÁRSSKÝRSLA



Alltaf í boltanum

2009

64. ársþing KSÍ
Skýrsla stjórnar

ÁVARP FORMANNS

A landslið kvenna var í sviðsljósinu á starfsárinu þegar það lék í úrslitakeppni Evrópumóts landsliða sem fram fór í Finnlandi. Þetta var í fyrsta sinn sem A landslið Íslands í knattspyrnu tók þátt í úrslitakeppni og því um merkan áfanga að ræða í sögu KSÍ. Liðið stóð sig með þryði þrátt fyrir þrjá ósigra og fékk góðan stuðning landsmanna sem fylgdust með í sjónvarpinu sem og þeirra sem lögðu leið sína til Finnlands. Þrátt fyrir ósigur í öllum leikjum mótsins sýndi liðið að það á vel heima í keppni hinna bestu. Með sönnu má segja að kvennalandsliðið verið skrautfjöldur KSÍ á starfsárinu. Liðið hélt síðan uppteknum hætti í undankeppni HM og er enn á ný í harði keppni um að komast áfram, en auðvitað er verkefnið stórt enda komast aðeins 4 eða 5 Evrópulíð í úrslitakeppni HM 2011 í Þýskalandi.

A landslið karla náði sér ekki á strik á árinu og bætti aðeins við sig einu stigi í undankeppni HM 2010 úr fjórum leikjum gegn Skotlandi (úti), Hollandi (heima), Makedóníu (úti) og Noregi (heima). Niðurstaðan var því 5 stig og síðasta sætið í riðli 9 í Evrópu, en liðið hafði einmitt verið dregið í riðilinn í fimmta styrkleikaflokki. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu var ákveðið að endurnýja samninginn við þjálfara liðsins, Ólaf Jóhannesson, til tveggja ára. Honum tókst að bæta leik liðsins á árinu og eru bundnar væntingar við að það muni skila betri árangri í riðlakeppni EM 2012 sem hefst í haust.

Starfsemi yngri landsliða var í föstum skorðum og verkefni hefðbundin. U19 landslið kvenna náði þeim frábæra árangri að komast í úrslitakeppni EM sem að þessu sinni fór fram í Hvíta-Rússlandi. U21 landslið karla hefur farið vel af stað í riðlakeppni EM 2011 og framundan eru spennandi leikir um að komast áfram í keppninni. Við þurfum ekki að kvíða framtíðinni – Ísland á marga efnilega leikmenn sem hafa metnað til að ná langt í íþrótt sinni.

Þær voru margar gleðistundirnar á innlendum vettvangi á liðnu starfsári. Fyrst er telja frábært afrek FH sem varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla í fimmta sinn á sex árum. Breiðablik náði loks að vinna stóran titil í meistaraflokki karla þegar liðið varð bikarmeistari í fyrsta sinn. Úrslitaleikurinn markaði tímamót því hann var sá fimmtugasti í röðinni frá því keppnin hófst 1960. Valur var enn á ný besta lið landsins í meistaraflokki kvenna og varð bæði Íslands- og bikarmeistari, nú Íslandsmeistari fjórða árið í röð. Það var stór stund fyrir knattspyrnuna á Suðurlandi þegar Selfoss vann sér sæti til að leika í efstu deild karla í fyrsta sinn í sögu félagsins og það voru á sama hátt tímamót á Seltjarnarnesi þegar Gróttta tryggði sér í fyrsta sinn rétt til að leika í næst efstu deild karla á komandi leiktíð. Þá var árangur Hauka glæsilegur en bæði karla- og kvennalið félagsins unnu sér sæti í efstu deild. Í yngri flokkum var líf og fjör á völlum landsins í fjölmörgum mótum sem skipulögð voru af KSÍ eða einstökum aðildarfélögum. Aldrei hefur KSÍ skipulagt jafnmarga leiki í 11 manna liðum eins og á starfsárinu og sýnir það vel að knattspyrnan nýtur sem fyrr mikilli vinsælda.

Málefni dómara voru tekin föstum tókum og það var mikil viðurkenning þegar Knattspyrnusamband Evrópu staðfesti aðild KSÍ að dómarasáttmála UEFA. Það sýndi vel að KSÍ hafði aukið gæði í starfi sínu á sviði dómgaeslu hvað varðar umgjörð, menntun og þjálfun. Þá ákvað stjórn KSÍ að taka yfir niðurröðun dómara og aðstoðardómara á öllum leikjum Íslandsmóts og bikarkeppni í meistaraflokki og sátu því öll félög loks við sama borð í því efni.

Enn var haldið áfram að auka fræðslustarf KSÍ á starfsárinu og ljóst að umfangið var meira á því sviði en nokkru sinni fyrr. Einstaklega ánægjulegt var að Knattspyrnusamband Evrópu fól KSÍ að halda tvö námskeið hér á landi sem tókust vel. Menntun þjálfara og annarra þeirra sem starfa innan vébanda KSÍ er nauðsynleg til þess að framfarir verði í okkar starfi. Eitt er að mennta þá sem stíga sín fyrstu skref en hitt er það að auka þekkingu þeirra sem eru í fremstu röð – fylgjast þarf með þróun leiksins og nýjum aðferðum og miðla upplýsingum til fjöldans. KSÍ hefur ekki bara aukið fræðslu heldur hefur grasrótastarf af ýmsu tagi verið aukið til þess að sem flestir geti tekið þátt í knattspyrnuleiknum og hefur KSÍ gerst aðili að grasrótarsáttmála UEFA til þess að efla starf sitt á þessum vettvangi.

Rekstur KSÍ var í föstum skorðum á starfsárinu þrátt fyrir að umfang starfseminnar hafi aldrei verið meira og aldrei hafi sambandið tekið á sig jafn miklar fjárhagslegar skuldbindingar vegna mótahalds innanlands. Fjárhagslegur stuðningur KSÍ við aðildarfélögin náði nýjum hæðum um leið og sett var met í fjölda landsleikja og ýmis önnur starfsemi aukin. Þetta gerðist um leið og að þrengdi í tekjuöflun innanlands og sér í lagi lækkuðu framlög íslenskra fyrirtækja til íþróttastarfsemi sem bitnaði mjög á aðildarfélögum sambandsins. Það er ánægjulegt að geta greint frá því að rekstur KSÍ skilaði hagnaði á starfsárinu og lán í erlendri mynt upp á tæpar 600 m. kr. var greitt upp. Í fyrsta sinn í rúman áratug voru ekki vaxtaberandi skuldbindingar á KSÍ um sl. áramót.

Stjórn KSÍ þakkar aðildarfélögum sínum fyrir gott knattspyrnustarf á árinu. Samstarf forystumanna félaganna og KSÍ hefur verið farsælt og til fyrirmyndar. Stjórn KSÍ þakkar einnig öllum þeim sem lagt hafa knattspyrnunni lið á árinu, s.s. nefndarmönnum, sjálfbodaðliðum, stuðningsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og starfsmönnum hreyfingarinnar, og síðast en ekki síst öllum þeim fjölda iðkenda sem taka þátt í skemmtilegasta leik í heimi.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ

STJÓRN KSÍ

63. ársþing KSÍ var haldið á Laugardalsvelli 14. febrúar 2009. Geir Þorsteinsson var sjálfkjörinn formaður KSÍ til tveggja ára. Þá komu þeir Gylfi Þór Orrason og Róbert Agnarsson inn í stjórn í stað Stefáns Geirs Þórissonar og Þórarins D. Gunnarssonar sem gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Guðrún Inga Sívertsen og Vignir Þormóðsson gáfu kost á sér til endurkjörs og voru sjálfkjörin. Var stjórnin þannig skipuð að loknu ársþingi:

Geir Þorsteinsson	formaður
Gylfi Þór Orrason	varaformaður
Guðrún Inga Sívertsen	gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson	ritari
Ingibjörg Hinriksdóttir	
Lúðvík S. Georgsson	
Róbert Agnarsson	
Rúnar Arnarson	
Vignir Már Þormóðsson	

Í varastjórn KSÍ voru kosnir Jóhannes Ólafsson, Sigvaldi Einarsson og Þórarinn D. Gunnarsson. Þeir Jóhannes og Sigvaldi voru í endurkjöri, en Þórarinn kom í stað Kjartans Daníelssonar sem gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Kosið var um aðalfulltrúa Suðurlands og voru þar tveir í framboði, þeir Einar Friðþjófsson og Tómas Þóroddsson. Einar hlaut 53 atkvæði á móti 49 atkvæðum Tómasar og var Einar því kjörinn aðalfulltrúi Suðurlands. Aðalfulltrúi Austurlands var kjörinn Árni Ólason, en hann tók við af Guðmundi Ingvasyni sem gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Þá voru endurkjörnir Jakob Skúlason fyrir Vesturland og Björn Friðþjófsson fyrir Norðurland.

Stjórn KSÍ hélt 14 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga).

STARFSFÓLK KSÍ

Tveir starfsmenn voru ráðnir til tímabundinna verkefna á árinu og störfuðu þeir frá vori til hausts. Gunnar Einarsson var ráðinn til að sinna útbreiðsluverkefnum og þá knattþrautum KSÍ sérstaklega. Halldór Örn Kristjánsson var ráðinn í mótadeild, til skráningar á leikskýrslum í gagnagrunn KSÍ.

Starfsfólk KSÍ 2009:

- Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri
 - Birkir Sveinsson, mótastjóri
 - Dagur Sv. Dagbjartsson, fræðslumál
 - Guðlaugur Gunnarsson, mótamál
 - Gunnar Gylfason, landsliðsmál
 - Jóhann Kristinnson, vallarstjóri
 - Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
 - Kristinn V. Jóhannsson, vallarstarfsm.
 - Magnús Már Jónsson, dómaraustjóri
 - Margrét Elíasdóttir, ritari
 - Ómar Smáráson, leyfis- og markaðsstjóri
 - Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
 - Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
 - Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustjóri
 - Þorvaldur Ingimundarson, mótamál
- Tímabundnar ráðningar:
- Halldór Örn Kristjánsson, mótamál
 - Gunnar Einarsson, útbreiðslumál

EM-ÁRIÐ 2009

Knattspyrnuársins 2009 verður líklegast minnst í knattspyrnu-sögunni sem ársins þegar íslenskt A-landslið tók þátt í úrslitakeppni stórmóts í fyrsta sinn. Stelpurnar okkar í A landsliði kvenna áttu hug og hjörtu landsmanna þegar þær léku fyrir Íslands hönd í úrslitakeppni EM í Finnlandi. Þrátt fyrir að úrslit leikja hafi ekki verið okkur hagstæð mátti litlu muna í öllum leikjunum og hetjuleg barátta liðsins vakti hrifningu og aðdáun. Liðið hóf keppni í undankeppni HM 2011 á árinu og úrslit haustsins gefa til kynna að Ísland muni áfram keppa grimmt um að komast í úrslitakeppnir stórmóta.

A-landslið karla lauk keppni í undankeppni HM 2010 á árinu. Neðsta sæti riðilsins varð raunin, en ljóst er að stígandi er í leik

strákanna okkar, enda gefa úrslit leikjanna í riðlinum til kynna að lítið vantar upp á til að liðið veiti öðrum þjóðum keppni í baráttunni um stigin í riðlakeppninni. Framundan er undankeppni EM 2012 og ljóst er að þar verður markið sett hærra.

U19 landslið kvenna sýndi og sannaði að framtíð íslenskrar kvennaknattspyrnu er bjartari en nokkru sinni fyrr með því að leika í úrslitakeppni EM, sem fram fór í Hvíta-Rússlandi.

Í febrúar tilkynnti Landsbankinn einhliða að bankinn hefði afsalað sér markaðsrétti á Landsbankadeildum karla og kvenna. Í apríl var svo tilkynnt að Ölgerðin (Pepsi) yrði samstarfsaðili félaganna í deildunum til næstu þriggja ára (2009-2011) og heita deildirnar því nú Pepsi-deildir karla og kvenna.

FH-ingar tryggðu sér Íslandsmeistaratitil annað árið í röð með sigri í Pepsi-deild karla. Valur vann sigur í Pepsi-deild kvenna og vann þar með Íslandsmeistaratitilinn fjórða árið í röð. Bæði þessi lið urðu þar með Íslandsmeistarar í fimmta sinn á sex árum. Breiðablik hampaði VISA-bikarmeistaratitli karla í fyrsta sinn í sögu félagsins. Valur vann einnig bikarmeistaratitil í kvænnaflökki og var sigur Vals í VISA-bikarnum í ár 11. bikartitill félagsins í kvænnaflökki.

Rekstur KSÍ var í föstum skorðum þrátt fyrir að umfang starfseminnar hafi aldrei verið meira og aldrei hafi sambandið tekið á sig jafn miklar fjárhagslegar skuldbindingar vegna mótahalds innanlands. Aðildarfélag KSÍ hafa ekki farið varhluta af þeim sviptingum sem hafa átt sér stað í íslensku fjármálalífi og rekstur ársins var mörgum erfiður. KSÍ og UEFA komu til móts við vanda félaganna með heildarframlagi að upphæð kr. 213 milljónir á árinu.

MÓTIN 2009

Árið 2009 var annað árið þar sem 12 lið léku í efstu deild Íslandsmóts karla, Pepsi-deildinni. Fjölgun liða í 12 virðist hafa gefið góða raun, enda er áhugi á deildinni mjög mikill – ítarleg og góð umfjöllun fjölmiðla og góð aðsókn áhorfenda. Að sama skapi hefur fjölgun liða í Pepsi-deild kvenna gefið góða raun, og keppnin við topp deildarinnar hefur sjaldan eða aldrei verið jafn spennandi, sem eykur áhuga almennings og fjölmiðla. Bilið milli betri og veikari liða virðist stöðugt vera að minnka og fleiri lið en áður eru að gera harða atlgötu að efstu sætunum.

Leikjum hélt áfram að fjölga, þó að þeim hafi áfram fækkað í Íslandsmótinu innanhúss, og voru alls leiknir 5.099 leikir á vegum KSÍ á árinu. Aðeins einu sinni í sögunni hafa verið haldnir fleiri leikir á vegum KSÍ og var það árið 2006, en þá var fjöldi leikja á Íslandsmótinu innanhúss 416 fleiri en á liðnu ári. Fjölgunin er í nær öllum mótum utanhúss. Leikir í 11 manna bolta hafa aldrei verið fleiri - voru 2695 í ár og fjölgaði um 107 frá 2008. Umfang leikja í kjarnastarfsemi KSÍ hefur aldrei verið meira en í ár.

HK/VÍKINGUR OG HVÖT FUTSAL-MEISTARAR

Futsal-innanhússknattspyrna hefur hafið innreið sína á Íslandi og var í annað sinn leikið skv. þessum alþjóðlegu reglum. Hvöt hrósaði sigri á Íslandsmótinu í karlaflokki og HK/Víkingur í kvennaflokki. Úrslitakeppnin fór fram í íþróttahúsinu við Austurberg.

LENGJUBIKARINN

Deildarbikarkeppni karla og kvenna hófst 1996 og fór því fram í 13.

sinn. Þriðja árið í röð bar keppnin heitið Lengjubikarinn, samkvæmt samstarfssamningi KSÍ og Íslenskra getrauna. Að venju var leikið að mestu í knattspyrnuhúsum (Akraneshöll, Boganum, Egilshöll, Fífunni og Reykjaneshöll), en einnig var leikið utandyra þegar fór að vora.

FH-ingar tryggðu sér Lengjubikarinn þegar þeir lögðu Breiðablik í úrslitaleik A-deildar karla. Hafnfirðingar skorðu þrjú mörk gegn engu Kópavogsbúa, en leikið var í Kórnum. Þetta var í fimmta skiptið sem FH vinnur þennan titil og hefur ekkert félag unnið hann jafn oft.

Þór/KA tryggði sér sigur í A-deild Lengjubikars kvenna með því að leggja Stjörnuna í úrslitaleik. Lokatölur urðu þær að Þór/KA skoraði þrjú mörk gegn tveimur mörkum og kom sigurmarkið í uppbótartíma. Þetta er í fyrsta sinn sem Þór/KA vinnur A-deild Lengjubikarsins, en liðið sigraði í B-deildinni þrjú ár þar á undan.

HÉRAÐSMÓT

KR-ingar lögðu Fylki í úrslitaleik um Reykjavíkarmeistaratitilinn í Egilshöllinni. Lokatölur urðu 3-1 KR í vil, en þetta var í 36. sinn sem þessi titill endar í Vesturbænum.

Valur varð Reykjavíkumeistari í kvennaflokki með því að leggja KR með tveimur mörkum gegn engu í hreinum úrslitaleik í Egilshöll. Valur hefur því unnið þennan titil í 18 skipti, en KR 10 sinnum.

Þór lagði KA í úrslitaleik Soccerade-mótsins með einu marki gegn engu. Soccerade-mótið, sem áður hét Powerade-mótið, er undirbúningsmót félaganna á Norðurlandi og fóru allir leikir mótsins fram í Boganum.

Breiðablik hrósaði sigri í Faxaflóamóti mfl. kvenna, sem fram fór í fimmta sinn. Blika-stúlkur hafa unnið sigur í mótinu öll fimm árin. Breiðablik mætti Stjörnunni í hreinum úrslitaleik, en þar sem liðin gerðu jafntefli hafnaði lið Breiðabliks í efsta sæti með betri markatölu.

MEISTARAKEPPNI KSÍ

Meistarakeppni KSÍ, viðureign Íslandsmeistara og bikarmeistara, fór nú fram í 7. sinn frá því hún var endurvakin árið 2003 og fór hún þá fram í fyrsta skipti síðan 1998.

FH vann sigur í Meistarakeppni karla með því að leggja KR-inga með þremur mörkum gegn einu. Þetta er þriðji sigur FH í þessari keppni og hafa allir sigirnir komið á síðustu fimm árum.

Valur lagði KR annað árið í röð með tveimur mörkum gegn einu í Meistarakeppni kvenna, en liðin mættust í Kórnum. Þetta var í fimmta sinn á síðustu sex árum sem Valur hampar sigri í þessum leik.

FH-INGUM SPÁÐ ÖÐRUM TITLI Í RÖÐ

Á hinum árlega kynningarfundum Pepsi-deildar karla, sem fram fór í Háskólabíói að þessu sinni, spáðu fulltrúar félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. Samkvæmt spánni áttu Íslandsmeistarar FH að vinna annan sigur sinn í röð, nokkuð örugglega. Þrótti og Stjörnunni var spáð falli. Þannig leit spáin út:

1. FH	420 stig
2. Keflavík	354 stig
3. KR	345 stig
4. Valur	340 stig
5. Fram	246 stig
6. Breiðablik	242 stig
7. Grindavík	216 stig

8. Fylkir	193 stig
9. Fjölnir	142 stig
10. ÍBV	113 stig
11. Þróttur R.	101 stig
12. Stjarnan	96 stig

FIMMTI TITILL FH Á SÍÐUSTU SEX ÁRUM

Íslandsmeistarar FH töpuðu fyrsta leik sínum í Pepsi-deildinni í ár, á útivelli gegn Keflavíkingum, en Keflavík og FH háðu einmitt harða baráttu um Íslandsmeistaratitilinn árið á undan. Níu sigurleikir FH í röð fylgdu í kjölfarið og það var ekki fyrir en í 12. umferð sem sigurgangan var stöðvuð og aftur var Keflavík á ferðinni, en nú var niðurstaðan jafntefli. Með þessum glæsilega spretti höfðu FH-ingar í raun stungið önnur lið af. Þó svo smá hiksti hafi komið í liðið seinni hluta móts var aldrei raunveruleg hættu á öðru en að FH-ingar myndu hampa Íslandsmeistaratitlinum í fimmta sinn á síðustu sex árum, og það gerðu þeir einmitt.

KR-ingar söxuðu þó á forskot FH á lokasperttinum og tryggðu sér 2. sætið í deildinni, en Fylkismenn, sem vöktu mikla athygli fyrir sterka liðsheild og baráttuhug, fylgdu þeim fast á eftir í 3. sætinu. Fram, Breiðablik og Keflavík komu í næstu þremur sætum á eftir.

Stjarnan var klárlega með spútniklið deildarinnar, var á miklu flugi fyrri helming mótsins og vakti hrifningu margra fyrir mikla stemmningu, en nokkuð hallaði undan fæti í seinni helmingnum og hafnaði liðið í 7. sæti.

Valsmenn áttu erfitt uppdráttar og höfnuðu í 8. sæti, en þar á eftir komu Grindvíkingar og Eyjamenn, sem náðu að hrista falldrauginn af sér. Það kom hins vegar í hlut Þróttara og Fjölnismanna að falla í 1. deild að þessu sinni.

Pepsi-deild karla - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stíg
1 FH	22	16	3	3	57	- 21	36 51
2 KR	22	15	3	4	58	- 31	27 48
3 Fylkir	22	13	4	5	41	- 26	15 43
4 Fram	22	10	4	8	40	- 32	8 34
5 Breiðablik	22	10	4	8	38	- 33	5 34
6 Keflavík	22	8	9	5	38	- 37	1 33
7 Stjarnan	22	7	5	10	45	- 44	1 26
8 Valur	22	7	4	11	26	- 43	-17 25
9 Grindavík	22	6	4	12	34	- 44	-10 22
10 ÍBV	22	6	4	12	24	- 45	-21 22
11 Þróttur R.	22	4	4	14	23	- 48	-25 16
12 Fjölnir	22	3	6	13	27	- 47	-20 15

FÆKKUN ÁHORFENDA MILLI ÁRA

Alls mættu 135.783 áhorfendur á leiki Pepsi-deildar karla á nýliðnu keppnistímabili eða 1.029 áhorfendur á leik að meðaltali. Er þetta fækkun um rúmlega 10.000 manns frá síðasta tímabili en þá voru áhorfendur 1.106 að meðaltali á leik.

Flestir mættu að jafnaði á KR-völlinn eða 1.676 að meðaltali, en næstbest var aðsóknin að Kaplakrika en þar voru 1.532 að meðaltali á hverjum leik. Helmingur félaganna í Pepsi-deildinni var með yfir 1.000 áhorfendur að meðaltali í leik. Flestir mættu einnig á leiki KR þegar þeir léku á útivöllum eða 1.228 að meðaltali. Næstflestir voru á útileikjum hjá Val þar sem 1.207 áhorfendur mættu að meðaltali.

Flestir áhorfendur mættu á leik FH og Vals eða 2.718 og næstflestir sáu viðureign KR og FH eða 2.370. Fæstir áhorfendur mættu hinsvegar á leik Fram og Þróttar í síðustu umferðinni en þar voru staddir 357 áhorfendur.

Félag	Alls heima	Meðaltal
KR	18.438	1.676
FH	16.855	1.532
Fylkir	11.845	1.077
Keflavík	11.830	1.075
Breiðablik	11.320	1.029

Valur	11.052	1.005
Stjarnan	10.632	967
Fjölnir	9.976	907
Þróttur	9.370	852
Grindavík	9.341	849
Fram	8.214	747
ÍBV	6.910	628
135.783	1.029	

STUÐNINGSMANNAHÓPAR HAFA FEST SIG Í SESSI

Stuðningsmannahópar félaga hafa sett stöðugt meiri og skemmtilegri svip á leiki, og ekki bara í Pepsi-deildinni, heldur hafa stuðningsmenn liða í 1. og 2. deild einnig verið að láta að sér kveða. Stemmningin verður sífellt líkari því sem gerist á leikvöngum erlendis. Stuðningsmenn eru merktir með litum sinna félaga, syngja hvatningarsöngva og skemmta sjálfum sér og öðrum. Allt stuðlar þetta að því að gera knattspyrnuleik að því sem hann á að vera fyrir áhorfandann – skemmtilegri upplifun.

Ánægjulegt hefur verið að sjá þessa þróun einnig í neðri deildunum, þannig að stuðningsmenn þeirra liða sem koma upp um deild eru tilbúnir í slaginn og keppa við stuðningsmenn þeirra liða sem fyrir eru. Samskipti þessara hópa eru lang oftast á jákvæðum og skemmtilegum nótum og dæmi eru um að hóparnir sameinist í upphitun fyrir leiki og gangi svo saman fylktu liði á völlum.

Einstaka sinnum kemur það þó fyrir að stuðningsmenn verða yfirspenntir og hegða sér á óæskilegan hátt. Sem dæmi má nefna niðrandi hróp og köll, eða niðrandi söngva, sem eiga ekkert erindi á knattspyrnuleiki þar sem fjölskyldur eru saman komnar. Börn eru stór og mikilvægur hluti áhorfenda og taka verður tillit til þarfa barnanna og fjölskyldna þeirra. Einnig má nefna þau tilvik þar sem hlutum er kastað inn á völlum og/eða í átt að

dómurum og starfsmönnum leikja. Slíkt er óásættanlegt og má ekki viðgangast.

Forráðamenn félaga verða að vera vakandi fyrir þeirri þróun sem á sér stað á meðal stuðningsmannahópa og gera ráðstafanir til að allir þeir ólíku hópar fólks sem sækja leikina njóti þeirra á sem bestan og jákvæðastan máta.

BLIKAR TÓKU BIKAR

VISA-bikar karla fór nú þannig fram annað árið í röð að í undankeppni tóku þátt öll lið nema þau, sem léku í Pepsi-deild. Svæðakeppni var viðhöfð í undankeppninni og keppni liðanna hagað svo, að 20 lið kæmust áfram úr undankeppni í aðalkeppni auk þeirra 12 liða sem léku í Pepsi-deild. Liðin úr Pepsi-deildinni hófu því keppni í 32 liða úrslitum. Um óbundinn drátt var að ræða í 32 liða úrslitum, þannig að Pepsi-deildarlið gátu dregist saman strax í þeirri umferð.

Báðir undanúrslitaleikirnir fóru fram á Laugardalsvelli eins og undanfarin ár og að þessu sinni voru öll liðin í undanúrslitum úr Pepsi-deildinni. Framarar unnu 1-0 sigur á KR-ingum í hörkuleik þar sem varnir liðanna voru í aðalhlutverki, stál í stál. Breiðablik lék gegn Keflavík í dramatískum leik, þar sem Blikarnir náðu tveggja marka forystu, Keflvíkingar náðu að jafna fyrir hlé, en Blikar skorðu eina mark síðari hálfleiks. Það var því ljóst að Fram og Breiðablik myndu mætast í úrslitaleik VISA-bikarsins 2009.

Breiðablik tryggði sér svo sigur í bikarkeppni karla í fyrsta sinn með því að leggja Fram að velli í æsispennandi úrslitaleik að viðstöddum 4.766 áhorfendum. Eftir venjulegan leiktíma var staðan jöfn, 1-1 og eftir framlengingu var einnig

jafnt, 2-2. Þurfti því að grípa til vítaspyrnukeppni og þar höfðu Kópavogsbúar betur. Þetta var í fyrsta sinn sem Breiðablik hampar þessum eftirsóttu titli en Blikar höfðu einu sinni áður komist í bikarúrslitin, árið 1971.

VISA-BIKARINN 2009 – 50. BIKARKEPPNI KSÍ

Bikarkeppni KSÍ var fyrst haldin árið 1960 og var VISA-bikarinn 2009 því 50. bikarkeppnin frá upphafi. Fyrstu árin fór keppnin að mestu fram á haustin og jafnvel inn á vetrarmánuðina og var þá jafnan leikið á Melavellinum í Reykjavík. Síðan árið 1975 hefur úrslitaleikurinn hins vegar farið fram á Laugardalsvelli.

KR-ingar voru sigursælir framan af og unnu þeir bikarinn fyrstu 5 árin og urðu í raun bikarmeistarar í 7 af fyrstu 8 skiptunum sem keppnin fór fram. Alls hafa KR-ingar unnið bikarinn 11 sinnum, oftast allra félaga. Næstir koma Valsmenn og Skagamenn með 9 bikarsigra og þá Framarar, sem voru í úrslitaleiknum í ár, með 7 bikarmeistaratitla.

Í tilefni af þessum tímamótum stóð KSÍ fyrir sérstökum uppákomum fyrir úrslitaleiki karla og kvenna og má þar nefna að lúðrasveit marseraði á hlaupabrautinni fyrir leikina og að á hvorum leik um sig tóku 50 krakkar þátt í umgjörðinni, til viðbótar við lukkukrakka og boltakrakka.

SAGA BIKARKEPPNI KSÍ KOMIN ÚT

Sumarið 2009 var leikið í bikarkeppni KSÍ í fimmtugasta skiptið og var þeirra tímamóta minnst með ýmsum hætti. Skapti Hallgrímsson, blaðamaður, tók að sér að skrifa sögu bikarkeppninnar og var bókin gefin út fyrir jólin

2009. Útgáfan var vegleg og bókin um 300 blaðsíður, en auk þess fylgdi bókinni DVD-diskur með myndefni úr keppninni, mörkum úr úrslitaleikjum o.fl. Þá var knattspyrnuáhugafólki, aðildarfélögum, sveitarfélögum og fleirum boðið að kaupa bókina ásamt mynddisknum í sérstakri heiðursáskrift, og kom nafnalisti heiðursáskriftar fram í lok bókarinnar.

VÖLSURUM SPÁÐ MEISTARATITLINUM

Á kynningarfundum Pepsi-deildar kvenna í Smáralind spáðu fulltrúar félaganna að venju um lokastöðu liðanna í deildinni. Af spánni mátti merkja að fulltrúar félaganna töldu að baráttan um titilinn myndi standa á milli Vals og Breiðabliks, en einnig mátti merkja að menn töldu að deildin yrði jafnari en oft áður. Keflavík og ÍR var spáð falli úr deildinni. Þannig leit spáin út:

1. Valur	280 stig
2. Breiðablik	276 stig
3. Þór/KA	224 stig
4. Stjarnan	212 stig
5. Fylkir	191 stig
6. KR	155 stig
7. Aftureld./Fjölnir	110 stig
8. GRV	83 stig
9. Keflavík	75 stig
10. ÍR	44 stig

FJÓRÐI TITILLINN Í RÖÐ Á HLÍDARENDA

Pepsi-deild kvenna var gríðarlega spennandi í ár og fleiri lið blönduðu sér í toppbaráttuna en nokkru sinni áður. Vart mátti á milli sjá framan af hvert af þeim fjórum liðum sem skipuðu efstu sætin myndi hafa sigur, en Valur reyndist þó vera með sterkasta liðið á endasprenntinum og tryggði sér fjórða Íslandsmeistaratitilinn í röð. Hin þrjú liðin - Breiðablik, Þór/KA og Stjarnan - luku öll keppni með sama stigafjölda og afar ánægjulegt

var að sjá hversu bilið milli bestu og næst bestu liðanna í deildinni er að minnka.

Fylkir og KR sigldu nokkuð lygnan sjó um miðja deild á meðan GRV og Afturelding/Fjölnir voru í fallbaráttu framan af, en tryggðu sætið í deildinni undir lokin. ÍR og Keflavík fengu það erfiða hlutskipti að falla úr deildinni að þessu sinni. Keflavík átti sérlega erfitt ár og lauk keppni án stiga.

Pepsi-deild kvenna - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Valur	18	14	2	84	- 17	67	44
2 Breiðablik	18	12	3	57	- 13	44	39
3 Þór/KA	18	12	3	64	- 27	37	39
4 Stjarnan	18	12	3	49	- 15	34	39
5 Fylkir	18	8	5	51	- 28	23	29
6 KR	18	7	2	9	35 - 26	9	23
7 GRV	18	6	0	12	18 - 58	-40	18
8 Afture/Fjö	18	5	2	11	27 - 42	-15	17
9 ÍR	18	3	2	13	17 - 72	-55	11
10 Keflavík	18	0	0	18	6 - 110	-104	0

VALUR BIKARMEISTARI KVENNA Í ELLEFTA SINN

Valur tryggði sér VISA bikarmeistaratitil kvenna með sigri á Breiðabliki í spennandi og framlengdum úrslitaleik á Laugardalsvelli fyrir framan 1.158 áhorfendur. Lokatölur urðu reyndar 5-1, en jafnt var eftir venjulegan leiktíma, 1-1, og því óhætt að segja að Valsarar hafi kafsigt Blika í framlengingunni. Þetta er í 11. skiptið sem Valur vinnur þennan titil í kvennaflokki og hefur ekkert lið unnið bikarkeppni kvenna oftar.

BEINUM SJÓNVARPS-ÚTSENDINGUM FÆKKAR

Talsverð fækkun var á beinum sjónvarpsútsendingum frá leikjum milli ára. Munar þar mestu um að Stöð 2 sport sýndi beint frá mun færri leikjum en árið áður og var fjöldi beinna útsendinga frá leikjum Pepsi-deildar karla svipaður og

hann var þegar 10 lið voru í deildinni árin 2005-2007.

Pepsi-deild karla

Ár	Beinar úts.
2009	32
2008	40
2007	31
2006	30
2005	29
2004	19
2003	18
2002	19
2001	23
2000	21

Úrslitaleikir VISA-bikars karla og kvenna voru sýndir beint á RÚV, eins og undanúrslitaleikir karla. Alls var því sýnt beint frá 4 leikjum í VISA-bikar karla og kvenna 2009. Enginn leikur var sýndur beint í Pepsi-deild kvenna. Samanlagt voru því 37 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi á árinu, sem er heildarfækkun um 10 leiki milli ára.

KOSNINGAR FJÖLMIÐLA

Að venju stóðu Pepsi og KSÍ að vali sérstakrar valnefndar (fjölmiðlar og aðrir) á leikmönnum, þjálfurum, dómurum og liðum ákveðinna tímabila í Pepsi-deildum karla og kvenna. Kosningunum er skipt upp í þrjú tímabil. Pepsi veitti síðan þeim aðilum sem voru tilnefndir viðurkenningar og verðlaunagrip. Þessar upptökur vekja jafnan mikla athygli og er vel um þær fjallað í fjölmiðlum.

BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS

Bestu og efnilegustu leikmenn Pepsi-deilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna. Úrslit fyrir 2009 voru kunngerð á samkomu leikmanna KSÍ. Efnilegustu leikmenn karla og kvenna komu báðir úr röðum Kópavogslíðsins Breiðabliks, annað árið í röð.

FH-ingurinn Atli Guðnason var kjörinn leikmaður ársins í Pepsi-deild karla. Efnilegasti leikmaðurinn var kjörinn Alfreð Finnbogason úr Breiðabliki.

Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Íslandsmeistara Vals, var kjörin besti leikmaður Pepsi-deildar kvenna. Fanndís Friðriksdóttir úr Breiðabliki þótti efnilegasti leikmaður deildarinnar.

ÞJÁLFAVARAR ÁRSINS

Valnefndin kaus Bjarna Jóhannsson þjálfara ársins í Pepsi-deild karla og Frey Alexandersson þjálfara ársins í Pepsi-deild kvenna. Bjarni stýrði liði Stjórnunnar, sem kom mörgum á óvart með árangri sínum, framgangi á vellinum og jákvæðum og skemmtilegum leik. Freyr var við stjórnvölinn hjá liði Vals sem hampaði Íslandsmeistaratitli fjórða árið í röð.

BJÖRGÓLFUR OG KRISTÍN ÝR MARKAHÆST

KR-ingurinn Björgólfur Takefusa og Kristín Ýr Bjarnadóttir úr Val voru markahæstu leikmenn Pepsi-deilda karla og kvenna 2009. Björgólfur varð einnig markahæsti leikmaður efstu deildar árið 2003, en Kristín Ýr varð nú markahæst í fyrsta sinn.

Björgólfur skoraði 16 mörk fyrir KR, en næstur kom FH-ingurinn Atli Viðar Björnsson með 14 mörk. Alfreð Finnbogason úr Breiðabliki var þriðji markahæstur með 13 mörk.

Kristín Ýr og Rakel Hönnudóttir úr Þór/KA háðu harða keppni um það hvor yrði markahæst og þegar mótinu var lokið höfðu báðar leikið 18 leiki og skorað 23 mörk, en þar sem Kristín Ýr lék í færri mínútur í heildina hlaut hún gullið, en Rakel

silfrið. Þriðja markahæst var svo liðsfélagi Rakelar úr Þór/KA, Mateja Zver.

KRISTINN KJÖRINN BESTI DÓMARINN

Kristinn Jakobsson var kjörinn besti dómari í Pepsi-deild karla í kjöri leikmanna en viðurkenningin var nú afhent í 16. sinn. Þetta er í níunda sinn sem Kristinn hlýtur þessa viðurkenningu.

LID ÁRSINS

Að venju kaus valnefndin lið ársins í Pepsi-deildum karla og kvenna. Þau voru þannig skipuð:

Karlalið ársins

Markvörður:

Andre Hansen – KR

Aðrir leikmenn:

Alfred Finnbogason – Breiðablik

Atli Guðnason – FH

Atli Viðar Björnsson – FH

Bjarni Guðjónsson – KR

Björgólfur Takefusa – KR

Grétar Sigfinnur Sigurðsson – KR

Gunnar Örn Jónsson – KR

Jónas Guðni Sævarsson – KR

Matthías Vilhjálmsson – FH

Tommy Nielsen – FH

Kvennalið ársins

Markvörður:

Sandra Sigurðardóttir – Stjarnan

Aðrir leikmenn:

Danka Podovac – Fylkir

Dóra María Lárusdóttir – Valur

Erna B. Sigurðardóttir – Breiðablik

Fannís Friðriksdóttir – Breiðablik

Katrín Jónsdóttir – Valur

Kristín Ýr Bjarnadóttir – Valur

Rakel Hönnudóttir – Þór/KA

Sara B. Gunnarsdóttir – Breiðablik

Sif Atladóttir – Valur

Thelma Björk Einarsdóttir – Valur

STUÐNINGSMENN ÁRSINS

Pepsi veitti sérstök verðlaun til stuðningsmanna liða í Pepsi-deildum karla og kvenna fyrir góða frammistöðu á árinu. Það voru stuðningsmenn KR sem hlutu viðurkenninguna í Pepsi-deild karla og stuðningsmenn Fylkis í Pepsi-deild kvenna.

PRÚÐMENNSKUVERÐLAUN MASTERCARD

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Mastercard voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu prúðust á undangengnu tímabili.

Háttvísinefnd valdi Daða Guðmundsson úr liði Fram prúðasta leikmanninn í Pepsi-deild karla og Dóru Maríu Lárusdóttur úr Val prúðasta leikmanninn í Pepsi-deild kvenna. Daði og Dóra María eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

KR var prúðasta liðið í Pepsi-deild karla samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda. Í Pepsi-deild kvenna var Breiðablik prúðasta liðið, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

ÞAÐ RIGNIR MÖRKUM Í PEPSI-DEILDUNUM

Í Pepsi-deild karla 2009 voru skorud 3,42 mörk að meðaltali í leik. Mörkin urðu 451 talsins í leikjunum 132. Á síðasta tímabili voru skorud 412 mörk í 132 leikjum eða að meðaltali 3,12 mörk í leik, og höfðu þá ekki verið

skoruð fleiri mörk að meðaltali í efstu deild karla síðan 1995.

Mörkunum í Pepsi-deild kvenna fjölgaði milli ára, þó meðaltal marka í leik hafi ekki náð sömu hæðum og árin 2006 (6,20) og 2007 (5,79). Á liðnu keppnistímabili voru skorud 408 mörk í leikjunum 90, eða 4,53 mörk að meðaltali í leik. Árið 2008 var meðaltal marka í leik 4,12.

SALA AÐGÖNGUMÍÐA Í GEGNUM MIDLIS

Fyrir leiki sumra félaga í Pepsi-deild karla var að venju hægt að kaupa miða á forsöluverði í gegnum vefsíðuna midi.is, en þar er hægt að kaupa miða með afslætti, hvort sem um er að ræða í forsölu eða sölu á leikdegi. Miðasölukerfið býður upp á miðakaup á einfaldan, fljótan og þægilegan máta, og er góð þjónusta við knattspyrnuáhuga-fólk.

SELFLOSS OG GRÓTTA NÁ NÝJUM HÆÐUM

Selfyssingar voru nálægt því að fylgja Eyjamönnum upp í efstu deild karla árið 2008 og höfðu svo sannarlega lært af þeirri reynslu fyrir síðastliðið keppnistímabil, enda leiddu þeir deildina allt sumarið og tryggðu sér efsta sætið og þar með Pepsi-deildarsætið. Þetta er í fyrsta sinn sem Selfoss á lið í efstu deild og sannarlega ánægjulegur áfangi fyrir félagið. Baráttan um 2. sætið var spennandi lengst af og stóð baráttan á milli HK, Hauka og Fjarðabyggðar, en á endaspretti reyndust Haukar hafa mesta úthaldið og komust þeir því í efstu deild í fyrsta sinn síðan 1979, en þess má geta að það ár urðu Eyjamenn Íslandsmeistarar í fyrsta sinn. Afturelding og Víkingur frá Ólafsvík féllu í 2. deild.

Lokastaðan í 1. deild karla

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Selfoss	22	152	5	53	-	26	27 47
2 Haukar	22	135	4	44	-	28	16 44
3 HK	22	113	8	36	-	28	8 36
4 Fjarðabyggð	22	113	8	32	-	33	-1 36
5 KA	22	105	7	32	-	24	8 35
6 Þór	22	101	11	33	-	35	-2 31
7 Leiknir R.	22	7	8	7	32	-	33 -1 29
8 ÍR	22	9	2	11	40	-	46 -6 29
9ÍA	22	7	7	8	26	-	27 -1 28
10 Víkingur R.	22	7	5	10	36	-	34 2 26
11 Afturelding	22	3	7	12	25	-	45 -20 16
12 Víkingur Ó.	22	3	4	15	24	-	54 -30 13

Gróttta reyndist vera með sterkasta lið 2. deildar og var nokkuð örugg með efsta sæti deildarinnar. Félagið hefur aldrei áður leikið í næst efstu deild Íslandsmótsins og er næsta keppnistímabil því sögulegt, líkt og hjá Selfyssingum í Pepsi-deildinni. Keppnin um hitt 1. deildarsætið var jöfn og spennandi allt til loka og voru það Suðurnesjaliðin Njarðvík og Reynir sem þar börðust. Þessi nágrannið mættust einmitt í lokaumferð deildarinnar, en þar dugði Njarðvíkingum jafntefli til að tryggja 1. deildarsætið og sú var einmitt niðurstaðan í hörkuleik.

Lokastaðan í 2. deild karla

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Gróttta	22	136	3	53	-	26	27 45
2 Njarðvík	22	117	4	40	-	21	19 40
3 Reynir S.	22	123	7	52	-	42	10 39
4 Hvöt	22	105	7	58	-	49	9 35
5 BÍ/Bol.	22	8	9	5	42	-	36 6 33
6 ÍH/HV	22	8	5	9	37	-	47 -10 29
7 Höttur	22	7	6	9	32	-	31 1 27
8 KS/Leiftur	22	7	6	9	43	-	44 -1 27
9 Víðir	22	7	6	9	27	-	37 -10 27
10 Hamar	22	6	5	11	28	-	54 -26 23
11 Tindastóll	22	5	5	12	24	-	38 -14 20
12 Magni	22	6	1	15	37	-	48 -11 19

Völsungur lagði KV í úrslitaleik um sigur í 3. deild karla og leika þessi tvö lið í 2. deild á næsta keppnistímabili.

Hafnarfjarðarliðin Haukar og FH léku til úrslita í 1. deild kvenna og leika því í Pepsi-deild á næsta keppnistímabili. Bæði þessi lið

komu úr B-riðli, en höfnuðu þó í 2. og 3. sæti á eftir ÍBV í riðlinum, og Völsungur hafnaði í 4. sæti, og það voru þessi fjögur lið sem léku í undanúrslitum. Þar lögðu Haukar Völsunga og FH-ingar höfðu betur gegn ÍBV á fleiri mörkum skorudum á útivelli.

ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA

Mótahald yngri flokka fór fram að mestu með hefðbundnu sniði og ekki voru gerðar stórar breytingar á fyrirkomulagi mótanna. Í ár tóku 836 lið aðildarfélaganna KSÍ þátt í mótum. Er það mesti fjöldi liða sem tekið hefur þátt. Næst þessu komst liðafjöldinn árið 2005 þegar heildarfjöldi liða var 816.

HVERNIG FÓR LEIKURINN?

Þessa spurningu þekkja allir sem tengjast knattspyrnunni. KSÍ hefur lagt mikla áherslu á að veita fjölmiðlum, þátttakendum og áhugafólki um knattspyrnu sem bestar upplýsingar um úrslit leikja og móta. Leikjum fjölga og allir vilja fá að vita úrslitin, hvort sem um er að ræða leik í 5. flokki eða meistaraflokki. Skráningarkerfi KSÍ tekur með einföldum og skjótum hætti á mótum SMS-skeytum með stöðu og úrslitum leikja og leikskýrslur má skrá í gagnagrunn KSÍ í gegnum vefinn – www.ksi.is. Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á vef KSÍ og félögunum er þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við félagsmenn, fjölmiðla og aðra áhugasama aðila. Sífellt fleiri félög standa sig vel í að veita þessa þjónustu og sum félög standa sig afburða vel, en alltof fá nýta sér möguleikann til fullnustu.

SMS-ÞJÓNUSTA Á VEFNUM

Nú hefur í nokkur ár verið boðið upp á SMS-úrslitaþjónustu í gegnum vef KSÍ. Hægt er að fá úrslit úr einstökum leikjum í tilteknu móti með einföldum hætti. SMS-þjónustan nær til allra aldursflokka og allra móta KSÍ, hvort sem um er að ræða leiki í Pepsi-deild eða yngri flokkum. Fjöldinn allur af knattspyrnuáhugafólki nýtir sér þessa þjónustu.

KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

KSÍ annast skipulagningu þessarra umfangsmiklu móta skv. sérstöku samkomulagi. Breyting var gerð á Jólamóti KRR að því leyti að ekki var keppt í 2. og 3. flokki ásamt því að KR sendi ekki lið til þátttöku í Haustmóti KRR, sem þýddi fækkun leikja í KRR mótum milli ára. Fjölgun leikja varð í Faxaflóamótinu sem skýrist af því að HaustFaxaflóamótið sem féll niður vegna ónægðar þátttöku árið 2008 var haldið aftur. Einnig var gerð breyting til samræmis við Reykjavíkurmótið. Þ.e. að mótið var lengt og fjölgað var liðum í riðlum. Mótið byrjaði rúmum mánuði fyrr en áður, eða í byrjun febrúar. Bætt gervigrasaðstaða félaganna gerði þetta mögulegt. Bent skal á að héraðssamböndum og öðrum samtökum félaga á öðrum landssvæðum stendur til boða þjónusta af hálfu KSÍ - með sama hætti og KRR og Faxaflóafélögin hafa nýtt sér í mótahaldi sínu.

MIKIL FÆKKUN ERLENDRA LEIKMANNA Á ÍSLANDI

Erlendum leikmönnum í deildarkeppni á Íslandi fækkaði verulega milli ára. Alls léku 150 erlendir leikmenn hér á landi árið 2009 í deildarkeppni karla og kvenna, samanborið við 215 árið 2008 og

188 árið þar á undan. Hér eru ekki taldir upp leikmenn sem fengið hafa íslenskt ríkisfang.

Ár	Fjöldi
2009	150
2008	215
2007	188
2006	166
2005	148
2004	102
2003	74
2002	70
2001	93
2000	89
1999	82
1998	65

Erlendum leikmönnum fækkar í öllum deildum, en fækkunin er mest í 1. og 2. deild karla.

Deild	Fjöldi 2009	Fjöldi 2008	Fjöldi 2007
PD karla	36	44	34
1. deild karla	27	42	38
2. deild karla	17	35	26
3. deild karla	39	45	47
PD kvenna	23	28	30
1. deild kvenna	8	21	13

Alls voru 27 af 36 félögum í landsdeildum karla með erlenda leikmenn í sínum röðum, auk 11 félaga í 3. deild, en þess ber að geta að Afríka var með 21 erlendan leikmann í sínum röðum, meira en helming allra erlendra leikmanna í 3. deild. Fylkir var eina félagið í Pepsi-deild karla sem notaði engan erlendan leikmann, þrjú félög í 1. deild karla notuðu engan erlendan leikmann, sem og 5 félög í 2. deild karla. Í Pepsi-deild karla voru flestir erlendir leikmenn hjá Grindavík, ÍBV og Þrótti eða 6. Fjögur félög í Pepsi-deild kvenna notuðu engan erlendan leikmann, en flestir erlendir leikmenn voru hjá ÍR, eða 9, og er það jafnframt mesti fjöldinn í landsdeildum karla og kvenna. Aðeins þrjú félög í 1. deild kvenna voru með erlenda leikmenn, Haukar, ÍA og ÍBV.

Þess ber að geta að af þeim 47 félögum í öllum deildum karla og kvenna sem voru með erlenda leikmenn voru 17 félög með 1

erlendan leikmann, 7 félög með 2 og 8 félög með 3 erlenda leikmenn.

UEFA hefur sett kröfur um fjölda uppalinna leikmanna í Evrópumótum félagsliða og nokkur lönd hafa einnig sett sérstakar reglur um slíkt. Uppaldir leikmenn eru þeir leikmenn sem teljast hafa alist upp hjá viðkomandi félagi eða knattspyrnusambandi skv. nánari reglum þar um.

MIKIL FJÖLGUN Í SKRÁÐUM SAMNINGUM

Fjöldi samninga sem skráðir voru á árinu hjá félögum í Pepsi-deild karla var 236, sem er talsverð fjölgun frá árinu á undan, þegar 198 samningar voru skráðir. Fjölgunin skýrist væntanlega að einhverju leyti vegna samningsskyldu í Pepsi-deild karla. Þann 15. janúar 2010 var alls 271 samningur í gildi.

BREYTINGAR Á REGLUGERÐ

Á árinu breytti FIFA framkvæmd reglna um félagaskipti leikmanna yngri en 18 ára milli landa. Nú eru í gildi sérstakar undanþágur fyrir slík félagaskipti og sækja þarf um undanþágu fyrir þau til sérstakrar nefndar hjá FIFA, en áður hafði dugað að sækja um slíkt hjá viðkomandi knattspyrnusambandi. Þá var sett í reglur að greiða beri hærri þjálfunarbætur en áður þegar leikmenn yngri en 18 ára fara milli landa.

TMS: NÝTT FÉLAGASKIPTAKERFI FIFA

Á árinu komu fulltrúar FIFA hingað til lands og héldu námskeið í notkun TMS-kerfisins fyrir félög í efstu deildum karla. TMS er nýtt félagaskiptakerfi FIFA sem heldur utan um öll alþjóðleg félagaskipti á

rafrænan hátt og í framtíðinni munu félagaskipti á milli landa eingöngu vera afgreidd í gegnum þetta kerfi. Kerfið byggir á því að viðkomandi félög skrái sjálf sögu þeirra leikmanna sem eru að hafa félagaskipti. Kerfið á sérstaklega að tryggja hag félaga þar sem öll félagaskiptasaga leikmanna verður skráð.

MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Flest ágreiningsefni sem upp komu á árinu voru leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Nokkuð var þó um að málum væri vísað til nefndarinnar til formlegrar úrlausnar, sérstaklega þegar líða tók á árið. Breiðablik lagði fram kvörtun vegna starfa umboðsmannsins Arnórs Guðjohnsen. Keflavík taldi að blekkingum hefði verið beitt af hálfu KR vegna sölu á leikmanninum Jónasi Guðna til sænsks félagsliðs. Leikmennirnir Patrik Redo, Tomasz Stolpa, Ódinn Árnason, Boban Jovic, Dusan Ivkovic, Runólfur Sigmundsson og Grímur Björn Grímsson óskuðu allir eftir aðstoð nefndarinnar við innheimtu launa. Grindavík óskaði eftir auknum hlut leikmannsins Jósefs Jósefssonar af hugsanlegu félagaskiptagjaldi ef hann yrði seldur til erlends félags. Fjallað er nánar um málin í fylgiskýrslu.

ENN FJÖLGAR FÉLAGASKIPTUM

Fjöldi félagaskipta á árinu 2009 var 1.935 sem er fjölgun um 40 frá fyrra ári. Félagaskiptum heldur því áfram að fjölga og hefur fjölgað um 75% frá árinu 2000. Gengur oft mikið á síðustu dagana fyrir lokun félagaskiptaglugga. Ekki næst alltaf að fá staðfestingar viðkomandi knattspyrnusambanda í tæka tíð sem leiðir til þess að ekki er hægt

að gefa út keppnisleyfi fyrir viðkomandi leikmann.

Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í nokkur mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt en í tveimur tilfellum gaf framkvæmdastjóri KSÍ út keppnisleyfi af þessum sökum. Þrjár undanþágur voru veittar félagaskipta markvarða og tvívegis var undanþágubeiðnum vegna félagaskipta markvarða hafnað.

UMBOÐSMENN LEIKMANNA

Fjórir einstaklingar reyndu við umboðsmannapróf á árinu og stóðust tveir tilskildar kröfur. Það þýddi að tveir nýir umboðsmenn tóku til starfa, þeir Hafþór Hafliðason og Halldór Birgir Bergþórsson. Alls voru því 7 íslenskir umboðsmenn starfandi á árinu. Tuttugu og einn umboðsmannasamningur (samningur leikmanns við umboðsmann) frá 6 umboðsmönnum var skráður hjá skrifstofu KSÍ á árinu.

SAMNINGSSKYLDA Í PEPSI-DEILD KARLA

Öllum félögum sem leika í Pepsi-deild karla var frá og með árinu 2009 skylt að gera samninga við leikmenn sem taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með viðkomandi félagi á tímabilinu 1. maí til 15. október. Leikmenn 2. flokks eða yngri eru þó undanskildir ákvæði þessu, þ.e. ekki er skylda að samningsbinda þá þó þeir leiki knattspyrnuleiki með félögum sem eiga sæti í Pepsi-deild karla.

SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

Íslandsmeistarar karla

24 sinnum	KR
20 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram, ÍA

5 sinnum	FH, Víkingur R.
4 sinnum	Keflavík
3 sinnum	ÍBV
1 sinni	KA

Bikarmeistarar karla

11 sinnum	KR
9 sinnum	ÍA, Valur
7 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV, Keflavík
2 sinnum	Fylkir
1 sinni	Breiðablik, FH, ÍBA, Víkingur R.

Íslandsmeistarar kvenna

15 sinnum	Breiðablik
9 sinnum	Valur
6 sinnum	KR
4 sinnum	FH
3 sinnum	ÍA
1 sinni	Ármann

Bikarmeistarar kvenna

11 sinnum	Valur
9 sinnum	Breiðablik
4 sinnum	ÍA, KR
1 sinni	ÍBV

•••••

DÓMARAMÁL

A-B-C-D-G DÓMARAR

Erlendur Eiríksson kom á ný inn í A-hóp dómara 2009 auk Vilhjálms Alvars Þórarínssonar. Gunnar Jarl Jónsson bættist síðan í hópinn á miðju sumri. Í A-hóp aðstoðardómara bættust við Frosti Viðar Gunnarsson, Gylfi Már Sigurðsson og Smári Stefánsson. Í B-hóp dómara færðist Magnús Jón Björgvinsson. Í B-hóp aðstoðardómara bættist Bryndís Sigurðardóttir. Nýir C-dómarar urðu Eðvarð Atli Bjarnason, Guðrún Fema Ólafsdóttir, Ingi Freyr Arnarsson, Pétur Guðmundsson, Rúnar Sigurðsson, Valdimar Pálsson og Þórður Gylfason. Nýir C-aðstoðardómarar urðu Jón Magnús Guðjónsson, Kári Oddgeirsson, Marína Þórólfsdóttir, Tomasz Jacek Napierajczyk og Viðar Helgason. Flokkun fyrir árið 2010 verður lokið í febrúar 2010 í stað nóvember að þessu sinni.

Um 140 aðrir dómarar (D- og G-hópur) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf í 3. deild karla, 1. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Pepsi-deild kvenna og í 1. og 2. deild karla. Þess ber að geta að D- og G-dómarar sinna einnig fjölda leikja í U23 og 2. flokki karla ásamt því að dæma í yngri flokkum eigin félaga, svo og í æfingaleikjum og leikjum í innanhússmótum.

5 DÓMARA KERFIÐ

Kristinn Jakobsson fékk í haust úthlutað þremur leikjum í Evrópu-deild UEFA þar sem gerð er tilraun með 5 dómara kerfið. Í þetta verkefni voru valdir, auk Kristins, Jóhann Gunnar Guðmundson, Jóhannes Valgeirsson, Magnús Þórisson, Ólafur Ingvar Guðfinnsson, Siguður Óli Þorleifsson og Þorvaldur Árnason.

AÐSTOÐARDÓMARAR Í 3D KARLA OG 1D KVENNA

Stjórn KSÍ samþykkti í apríl breytingu á ákvæðum um skipan aðstoðardómara á leiki í riðlakeppni 3. deildar karla og riðlakeppni 1. deildar kvenna. Í breytingunni felst að framvegis mun KSÍ tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í riðlakeppni 3. deildar karla og riðlakeppni 1. deildar kvenna. Með þessari breytingu var komið til móts við þá ósk félaga að KSÍ tilnefni dómara og aðstoðardómara á alla leiki meistaraflokka.

ÞREKÆFINGAR DÓMARA Í SAMSTARFI VIÐ HR

KSÍ og Háskólinn í Reykjavík (HR) gerðu í október með sér

samstarfsamning sem felur m.a. í sér að nemendur úr HR sjá um þrekæfingar dómara yfir veturinn 2009/2010. Auk þess kemur HR með efni inn á Landsdómara-ráðstefnur þar sem komið er inn á þjálffræði, næringarfræði og sálfræði svo eitthvað sé nefnt. Æfingar hófust í byrjun nóvember og er æft í á Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri. Þjálfarar eru Egill Eiddsson og Gísli Sigurðsson auk nema úr HR. Um mælingar sjá Þráinn Hafsteinsson og Pétur Sigurðsson ásamt nemendum úr HR.

LANDSDÓMARAFUNDIR OG FRÆÐSLUFUNDIR

Þrjár landsdómarafundir voru haldnir á árinu - í mars, apríl og nóvember. Auk þess voru sumarfundir með A-dómurum í júní og ágúst. Erlendur fyrirlesari að þessu sinni var Mike Riley frá Englandi og tók hann þátt í ráðstefnunni í mars. Fræðslufundir fyrir aðra KSÍ dómara voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri. Að Laugarvatni voru haldin tvö námskeið fyrir unga og efnilega dómara í tengslum við úrtökumót yngri landsliða.

KSÍ AÐILI AÐ DÓMARASÁTTMÁLA UEFA

Á fundi framkvæmdastjórnar UEFA í mars var formleg aðild KSÍ að dómarasáttmála UEFA staðfest. Það var í lok árs 2006 að KSÍ sótti um aðild að sáttmálanum og var unnið að aðildinni frá þeim tíma. Með aðildinni skuldbindur KSÍ sig til þess að vinna eftir gæðakerfi UEFA í dómaramálum. Í því felst m.a. menntun dómara á öllum stigum, nýliðun dómara, umgjörð dómara og þjálfun þeirra dómara sem lengra eru komnir. Þá er einnig tekið á menntun eftirlitsmanna dómara. Þetta er mikil

viðurkenning á störfum KSÍ að dómaramálum og mikilvægt skref til eflingar dómaramála í landinu.

NORRÆN DÓMARASKIPTI

Norræn dómaraskipti hófust 2005 í þeim tilgangi að auka þekkingu og reynslu dómara. Valgeir Valgeirsson og Örvar Sær Gíslason tóku þátt í samstarfinu 2009 og dæmdu í næst efstu deildum í Noregi og Svíþjóð, einn leik í hvoru landi. Á Íslandi dæmdu Bernt Brunheim frá Noregi og Andreas Ekberg frá Svíþjóð sinn leikinn hvor í 1. deild karla. Á Norðurlandamót U17 karla sem haldið var í Noregi fóru að þessu sinni Þorvaldur Árnason sem dómari og Sindri Kristinsson sem aðstoðardómari. Guðrún Fema Ólafsdóttir dæmdi á NM U17 kvenna sem haldið var í Svíþjóð.

ÍSLENSKIR DÓMARAR Á ALPÞJÓÐLEGUM LEIKJUM

Íslenskir dómarar dæmdu fjölmarga landsleiki á árinu og voru að auki dómarar á fjölda leikja í UEFA-mótum félagsliða. Alpþjóðleg verk efni íslenskra dómara árið 2009 koma fram í fylgiskýrslu.

MILLIRÍKJADÓMARAR 2009

Frosti Viðar Gunnarsson og Bryndís Sigurðardóttir komu ný inn á lista yfir FIFA-aðstoðardómara, en Bryndís er fyrsta íslenska konan til að komast á FIFA-dómaralistann. Aðstoðardómararnir Einar Sigurðsson og Gunnar Gylfason fóru af listanum, Einar sökum aldurs en Gunnar lagði flaggið á hilluna.

Dómaralistinn:
FIFA-dómarar
 Garðar Örn Hinriksson
 Jóhannes Valgeirsson
 Kristinn Jakobsson
 Magnús Þórisson

FIFA-aðstoðardómarar
 Áskell Þór Gíslason
 Bryndís Sigurðardóttir
 Frosti Viðar Gunnarsson
 Ingvar Guðfinnsson
 Jóhann Gunnar Guðmundsson
 Oddbergur Eiríksson
 Sigurður Óli Þórleifsson

FYRSTI ÍSLENSKI FIFA FUTSAL-DÓMARINN

FIFA staðfesti í desember dómara-listann fyrir 2010, og þar á meðal var tilnefning á fyrsta íslenska alpþjóðlega Futsal-dómaranum. Andri Vigfússon varð þessa heiðurs aðnjótandi og er hann á Futsal-dómaralista FIFA fyrir 2010.

KVENDÓMARAR Á UPPLEIÐ

Lögð hefur verið áhersla á það undanfarin ár að fjölga konum í dómarastéttinni og nokkrir áfangar náðust í framgangi þeirra mála á árinu. Í júlí dæmdi Guðrún Fema Ólafsdóttir sinn fyrsta opinbera landsleik þegar hún var dómari í leik Finnlands og Frakklands á Opna NM U17 landsliða kvenna, sem fram fór í Svíþjóð. Guðrún Fema var svo aftur á ferðinni þegar hún dæmdi vináttulandsleik U17 kvendómaraliða Íslands og Færeyja í Þorlákshöfn, en í þeim leik var al-íslenskt kvendómaratrío. Guðrúnu Femu til aðstoðar voru þær Marína Ósk Þórólfsdóttir og Birna H. Bergstað Þórmundsdóttir. Þá er rétt að minnst þess að Bryndís Sigurðardóttir varð á árinu fyrsta íslenska konan til að komast á FIFA-dómaralistann.

EFTIRLITSMENN

Alls starfaði 61 eftirlitsmaður við 486 leiki í landsdeildum og bikarkeppnum 2009. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammistöðu dómara. Einnig

skiluðu þeir skýrslu um háttvísi í Pepsi-deild karla. Námskeið voru haldin með eftirlitsmönnum á Akureyri, Austurlandi og í Reykjavík.

DÓMARANÁMSKEIÐ

Haldin voru um 40 unglinga-dómaranámskeið víðs vegar um landið hjá þeim félögum sem þess óskuðu. Þá buðu Háskólinn í Reykjavík, Verkmenntaskólinn á Akureyri og KHÍ upp á unglinga-dómaranámskeið sem valfag. Aldrei hafa jafnmargir nýir unglingadómarar verið útskrifaðir á einu ári, eða 443. Þá voru haldin námskeið fyrir héraðsdómara í Reykjavík, á Akureyri og á Selfossi.

DÓMARAR Í HENSON BÚNINGUM

KSÍ og Henson gerðu á vordögum með sér samning um að dómamar myndu klæðast Henson búningum á keppnistímabilinu 2009. Hönnun búninganna var í höndum KSÍ og Henson í samstarfi við íslenska dómara. Það var því alíslensk framleiðsla sem dómamararnir klæddust á þessu keppnistímabili.

.....

LANDSLIÐSMÁL

STÓR STUND Í ÍSLENSKRI KNAUTTSPYRNUSÖGU

Það var stór stund í íslenskri knattspyrnusögu þegar íslenska kvendagsliðið lék í úrslitakeppni EM í Finnlandi í ágúst. Stelpurnar sýndu það og sönnuðu að þær eiga fullt erindi í stórmót af þessu tagi og gáfu þær mótherjum sínum ekkert eftir. U19 landslið kvenna

lék einnig í úrslitakeppni EM á árinu og ljóst er að framtíð íslenskrar kvendagsknattspyrnu er bjartari en nokkru sinni fyrr. Karlandsliðið sýndi miklar framfarir í leik sínum og stígandi er í liðinu undir stjórn Ólafs Jóhannessonar - ungt lið í mótun sem á framtíðina fyrir sér. Árangur U21 liðs karla á árinu hefur vakið athygli og ljóst að Ísland á marga efnilega leikmenn á þessum aldri, tekníska og flinka leikmenn sem vonandi eiga sem flestir eftir að skila sér upp í A-landsliðið á komandi árum. Liðið er í 2. sæti EM-riðilsins og mun heyja harða baráttu við Tékkka og Þjóðverja um efstu sæti þessa riðils.

A LANDSLIÐ KARLA

Ólafur Jóhannesson tók við stjórnartaumunum á A-landsliði karla haustið 2007 og gerði þá tveggja ára samning. Sá samningur var síðan framlengdur í september, aftur til tveggja ára, og mun Ólafur stýra liðinu til ársloka 2011.

Liðið lék sjö vináttuleiki á árinu. Sá fyrsti var gegn Liechtenstein og var leikið í La Manga á Spáni. Lokatölur urðu 2-0 fyrir Ísland eftir að staðan hafði verið 1-0 í hálfleik og var sigur liðsins síst of stór. Um miðjan mars var leikið við Færeyinga í Kórnum. Þessi leikur var ekki á alþjóðlegum leikdegi og því var íslenska liðið skipað leikmönnum frá liðum hér heima annars vegar og hins vegar ungum íslenskum leikmönnum sem leika með liðum í Skandinavíu. Skemmst er frá því að segja að íslenska liðið sýndi ekki sitt rétta andlit í leiknum og tapaði 1-2, og er þetta í fyrsta sinn sem A-landslið Íslands tapar fyrir frændum okkar frá Færeyjum í 22 viðureignum. Í ágúst var leikið við Slóvaka hér heima og lauk þeim leik með jafntefli þrátt fyrir að Ísland hafi verið sterkari aðilinn í leiknum. Slóvakar komist yfir í fyrri hálfleik en íslenska liðið

jafnaði metin eftir um klukkutíma leik. Í september komu Georgíumenn í heimsókn í Laugardalinn og vann íslenska liðið sanngjarnan 3-1 sigur á georgísku liði sem var aðeins með 14 leikmenn á leikskýrslu, þar af tvo markmenn, sökum meiðsla eftir leik gegn Ítölum nokkrum dögum áður. Í október var leikið gegn Suður-Afríku á Laugardalsvellingum og lauk þeim leik með 1-0 sigri Íslands. Sem kunnugt er fer úrslitakeppni HM 2010 fram í Suður-Afríku og þar í landi voru menn orðnir áhyggjufullir eftir marga tapleiki, enda vilja gestgjafar ávallt standa sig vel í mótum sem þessum. Sigurinn var sanngjarn og nokkrum dögum eftir leikinn var þjálfari Suður-Afríkumannanna látinn taka pokann sinn eftir brösugt gengi í vináttuleikjum. Í nóvember voru tveir vináttuleikir á erlendri grundu. Fyrst var leikið á fornum menningarslóðum gegn Íran í Teheran og tapaðist sá leikur 0-1. Þetta í fyrsta sinn sem þessar þjóðir mætast á knattspyrnavellingum. Fjórum dögum síðar gerði liðið 1-1 jafntefli við Lúxemborg ytra í heldur tíðindalitleik. Ísland komst yfir um miðjan síðari hálfleik en heimamenn jöfnuðu 10 mínútum síðar.

Fyrsti leikur ársins í undankeppni HM var gegn Skotum á Hampden Park í byrjun apríl. Skotar komust yfir í fyrri hálfleik, okkar strákar jöfnuðu leikinn fljótlega í síðari hálfleik, en Skotar skoruðu aftur skömmu síðar og unnu 2-1 sigur. Annar HM-leikur ársins var í byrjun júní gegn Hollendingum á troðfullum Laugardalsvellingum, og unnu gestirnir 1-2 sigur. Hollendingar skoruðu tvívegis í byrjun leiks og þar við sat þar til íslenska liðið minnkaði muninn mínútu fyrir leikslok. Fjórum dögum síðar var leikið gegn Makedónum í miklum hita í Skopje og náði íslenska liðið lítið að ógna marki heimamanna,

sem unnu 2-0 sigur, skorðu fyrst eftir 10 mínútur og bættu svo við marki undir lokin. Í byrjun september var leikið gegn Norðmönnum á Laugardalsvelli og lauk leiknum með 1-1 jafntefli. Gestirnir komust yfir á 11. mínútu en metin voru jöfnuð á þeirri 29. og þrátt fyrir góð færi tókst ekki að landa sigri. Ísland hefur ekki tapað fyrir Noregi í mótisleik í A-liðum karla síðan í undankeppni Ólympíuleikanna árið 1975.

Lokastaðan í riðlinum

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Holland	8	8	0	17	-	2	15 24
2 Noregur	8	2	4	2	9	-	7 2 10
3 Skotland	8	3	1	4	6	-	11 -5 10
4 Makedónía	8	2	1	5	5	-	11 -6 7
5 Ísland	8	1	2	5	7	-	13 -6 5

U21 LANDSLIÐ KARLA

Eyjólfur Sverrisson tók við stjórnartaumunum hjá U21 landsliði karla að nýju í byrjun árs, en hann stjórnaði U21 liðinu einnig 2004-2005. Liðið lék sex leiki á árinu, einn vináttuleik og fimm leiki í undankeppni EM 2011.

Fyrsti leikur ársins og eini vináttuleikurinn var gegn Dönum ytra í byrjun júní. Danirnir byrjuðu mun betur og komust í 2-0 áður en Ísland minnkaði muninn undir lok fyrri hálfleiks úr vítaspyrnu. Ísland lék mun betur í síðari hálfleik og jafnaði fljótlega, en Danir náðu síðan að skora þegar um stundarfjórðungur var eftir af leiknum og héldu því forskoti þrátt fyrir góða pressu Íslands á loka-mínútunum.

Fyrsti leikurinn í undankeppni EM 2011 var gegn Tékkum á KR-velli 12. ágúst. Íslendingar byrjuðu ágætlega og fengu mjög gott færi á að komast yfir, en inn vildi boltinn ekki. Tékkar skorðu síðan tvö mörk með stuttu millibili í síðari hálfleik og lokatölur því 0-2, Tékkum í vil. Annar leikur liðsins í

EM var gegn N-Írum ytra 8. september. Íslendingar komu mjög sterkir til leiks, komu N-Írunum í opna skjöldu og var staðan 0-4 fyrir Ísland í hálfleik. Leikurinn jafnaðist nokkuð í seinni hálfleik og skorðu liðin sitt hvor tvö mörkin. Íslendingar beittu skyndisóknum í síðari hálfleik og hefðu með smá heppni getað skorað fleiri mörk en þessi tvö sem þeir bættu við. Lokatölur 2-6 Íslendingum í vil. Tveir leikir fóru fram í október og var sá fyrri gegn San Marínó 9. október á Laugardalsvellingum. Leikurinn átti upphaflega að fara fram á Akranesi en vegna afleitrar veðurspár var tekin sú ákvörðun daginn áður að leita eftir samþykki UEFA og San Marínó fyrir því að færa leikinn á Laugardalsvöll og var það samþykkt. Skemmst er frá því að segja að yfirburðir Íslendinga í leiknum voru miklir og voru lokatölur leiksins, 8-0, met-sigur íslenska liðsins. Seinni leikurinn gegn N-Írum fór fram á Grindavíkuvelli 13. október. Greinilegt var að N-Írar ætluðu ekki að láta úrslitin úr fyrri leiknum endurtaka sig og mættu vel stemmdir til leiks, en það voru þó Íslendingar sem voru að fá betri færi í fyrri hálfleik. Jafnræði var með liðunum í seinni hálfleik en áfram voru það Íslendingar sem voru að fá betri færi og komust í 2-0 áður en N-Írar náðu að minnka muninn. Lokatölur 2-1 Íslandi í vil. Fimmti leikur ársins á EM 2011, og sá síðasti, var gegn San Marínó ytra þann 13. nóvember. Það sama var upp á teningnum og í fyrri leik liðanna, yfirburðir Íslands voru miklir og náðu menn að skapa sér fjölmörg færi fyrir utan þau sex mörk sem Ísland skoraði gegn engu marki heimamanna.

Staðan í riðlinum

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Tékkland	5	5	0	16	-	2	14 15
2 Ísland	5	4	0	12	-	5	17 12
3 Þýskaland	4	2	1	19	-	3	16 7
4 Norður-Írland	5	0	1	4	5	-	13 -8 1
5 San Marínó	5	0	0	5	0	-	39 -39 0

U19 LANDSLIÐ KARLA

Kristinn Rúnar Jónsson þjálfaði U19 landslið karla á árinu, en hann tók við því starfi í desember 2006.

U19 liðið skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar lék fimm leiki á árinu. Fyrst komu tveir vináttuleikir gegn Skotum ytra í september og vann Ísland góða tveggja marka sigra í báðum leikjum, fyrst 2-0 og svo 3-1.

Aðalverkefni ársins var svo undankeppni EM og fór riðillinn fram í Bosnía og Hersegóvínu, nánar tiltekið í Sarajevo. Íslenska liðið hafnaði í 3. sæti riðilsins eftir geysispennandi baráttu, þar sem öll fjögur liðin áttu góða möguleika á að komast áfram. Fyrsti leikurinn var gegn heimamönnum, sem unnu 1-0 sigur í jöfnum og spennandi leik. Norður-Írar voru næstu mótherjar og lauk þeim leik með markalausum jafntefli, þó bæði lið hafi fengið nokkur góð færi til að skora. Í þessari sömu umferð vann Bosnía og Hersegóvína sigur á Búlgaríu og hafði þar með tryggt sér efsta sætið. Góður 3-2 sigur íslenska liðsins gegn Búlgaríu í lokaumferðinni dugði ekki til, þar sem heimamenn steinlágu gegn Norður-Írum. Annað sætið hefði tryggt sæti í milliriðlum. Þriðja sætið dugði ekki til að komast áfram að þessu sinni.

Lokastaðan í riðlinum

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Bosnía-Herseg.	3	2	0	1	3	-	5 -2 6
2 Norður-Írland	3	1	2	0	5	-	1 4 5
3 Ísland	3	1	1	1	3	-	3 0 4
4 Búlgaría	3	0	1	2	4	-	6 -2 1

U18 LANDSLIÐ KARLA

U18 lið karla skipað leikmönnum fæddum 1992 og síðar tók þátt í mótí í Svíþjóð um miðjan júlí, undir stjórn Kristins R. Jónssonar. Fjögur lið tóku þátt í mótinu og var

leikin einföld umferð í stigakeppni. Fyrsti leikurinn var gegn Wales og tapaðist sá leikur 0-2 þrátt fyrir að íslenska liðið hefði sótt grimmt lungann úr leiknum. Næstu mót-herjar voru gestgjafarnir, Svíar, og var boðið upp á mikinn markaleik, sem lauk með 3-3 jafntefli. Ísland náði 3-1 forystu en þeir sænsku jöfnuðu með tveimur mörkum í lokin. Lokaleikurinn var gegn Norðmönnum og tapaðist hann 1-2. Okkar piltar höfðu forystu í leikhléi en Norðmenn skorðu í upphafi síðari hálfleiks og aftur undir lok leiksins. Ísland hafnaði því í neðsta sæti, en Norðmenn fögnuðu sigri í mótinu.

Lokastaðan í mótinu

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Noregur	3	2	1	0	6 - 4	2	7
2 Svíþjóð	3	1	2	0	8 - 7	1	5
3 Wales	3	1	0	2	5 - 5	0	3
4 Ísland	3	0	1	2	4 - 7	-3	1

U17 LANDSLIÐ KARLA

Gunnar Guðmundsson tók við þjálfarastarfinu hjá U17 liði karla á árinu og var þetta því fyrsta árið undir hans stjórn.

Fyrri verkefni ársins var þátttaka í Opna Norðurlandamótinu, sem fram fór í Þrándheimi í Noregi að þessu sinni. Naumt tap gegn Skotum í fyrsta leik leit ekki út fyrir að vera gott veganesti, en okkar drengir rifu sig svo sannarlega upp með því að sigra í næstu tveimur leikjum. Fyrst kom góður 2-0 sigur á Svíum þar sem bæði mörk íslenska liðsins komu undir lok fyrri hálfleiks. Þá vannst sannfærandi 4-1 sigur gegn Finnum þar sem öll mörk leiksins komu í síðari hálfleik, þar af þrjú íslensk mörk á fjögurra mínútna kafla. Þetta þýddi að Ísland hafnaði í 2. sæti riðilsins og lék við Norðmenn um þriðja sætið. Þetta var þó eiginlegur úrslitaleikur NM, þar sem Englendingar og Skotar

mættust í leik um sigur í mótinu, en aðeins Norðurlandabjóðir geta hampað Norðurlandameistaratitli. Eftir frábæran leik þar sem bæði lið sýndu mikil sóknartilþrif unnu Norðmenn 5-3 sigur og fögnuðu þar með Norðurlandameistaratitli. Ísland hafnaði í 4. sæti í mótinu, en hlaut silfur á meðal Norðurlandaþjóða.

Leikið var í undankeppni EM í Wales um mánaðamótin september/október. Riðillinn var hnífjafn og aðeins heimamenn sem náðu að landa sigrum í leikjum sínum, enda unnu þeir riðilinn. Fyrsti leikur íslenska liðsins var einmitt gegn Walesverjum, sem unnu 3-2 sigur. Næst kom 1-1 jafntefli gegn Rússum og enn var allt í járnum í riðlinum vegna jafntefla í öðrum leikjum. Aftur gerði íslenska liðið jafntefli, að þessu sinni í lokaleiknum, gegn Bosníu og Hersegóvínu, en Bosníumenn gerðu jafntefli í öllum þremur leikjum sínum í riðlinum, sem dugði þeim til að ná 2. sætinu, þar sem Ísland og Rússland hlutu aðeins 2 stig og Ísland hafnaði í 3. sæti. Sigur gegn Bosníu og Hersegóvínu hefði tryggt 2. sætið og þar með áframhaldandi þátttöku í mótinu. Það munaði þó ekki miklu þar sem Ísland var með þriðja bestan árangur þeirra liða sem höfnuðu í 3. sæti sinna riðla í undankeppninni, en tvö slík lið komust áfram í milliriðla.

Lokastaðan í riðlinum

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Wales	3	2	1	0	7 - 5	2	7
2 Bosnía-Herseg.	3	0	3	0	3 - 3	0	3
3 Ísland	3	0	2	1	4 - 5	-1	2
4 Rússland	3	0	2	1	2 - 3	-1	2

ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót drengja fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman á sjöunda tug leikmanna og fór mótið að venju vel fram. Úrtökumótið var haldið

vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið 2010.

ATVINNUMENN ERLENDIS

Nálægt eitt hundrað Íslendingar léku með erlendum félagsliðum á árinu, sem atvinnumenn víðs vegar um Evrópu. Lang flestir leika í Skandinavíu, en íslenskir leikmenn voru einnig hjá liðum á Bretlands-eyjum, í Frakklandi, á Ítalíu, í Hollandi og í Belgíu. Hér að neðan er stiklað á stóru um nokkra þessara leikmanna.

Eiður Smári Guðjohnsen hafði vistaskipti frá spænska stórlíðinu Barcelona og gekk til liðs við Mónakó í frönsku deildinni. Eiður Smári hefur átt frábæran feril sem atvinnumaður og tekur vonandi enn eitt gæfusporið á þeim ferli með sínu nýja félagi. Í Frakklandi hitti Eiður fyrir liðsfélaga sinn í landsliðinu, Veigar Pál Gunnarsson, sem var á mála hjá Nancy, en hafði ekki fengið mörg tækifæri með liðinu. Veigar yfirgaf reyndar síðan Frakkland og gekk aftur til liðs við sitt gamla félag, Stabæk í Noregi.

Hermann Hreiðarsson gegndi áfram lykilhlutverki hjá enska úrvalsdeildarliðinu Portsmouth, en hann meiddist skömmu fyrir keppnistímabilið 2009/2010 og var frá lengst af haustinu. Hermann náði þeim áfanga í desember að verða leikjahæsti Norðurlandabúinn í ensku úrvalsdeildinni og varð þá jafnframt fimmti leikjahæsti útlendingurinn í sögu úrvalsdeildarinnar. Grétar Rafn Steinsson var lykilmáður hjá Bolton á keppnistímabilinu 2008/2009, en sat lengst af á bekknum á tímabilinu sem hófst í haust. Aron Einar Gunnarsson vakti athygli fyrir vaska framgöngu hjá Coventry í 1. deildinni og er á góðri leið með að verða einn af lykilmönnum liðsins og Gylfi Sigurðsson er í sömu

stöðu hjá Reading, en með því liði leika einnig Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson. Emil Hallfredsson flutti sig um set og skipti úr ítalska liðinu Reggina til enska liðsins Barnsley, sem leikur í 1. deild. Heiðar Helguson gekk til liðs við sitt gamla félag, Watford, og var duglegur við markaskorun. Þá festi Eggert Gunnþór Jónsson sig í sessi í liði Hearts í Skotlandi.

Íslenskir leikmenn léku að venju lykilhlutverk hjá ýmsum liðum á Norðurlöndunum. Til að mynda má nefna að fjórir Íslendingar leika með Brann í Noregi (Ólafur Örn Bjarnason, Gylfi Einarsson, Kristján Örn Sigurðsson og Birkir Már Sævarsson) og þrír með Gautaborg í Svíþjóð (Theodór Elmar Bjarnason, Hjálmar Jónsson og Ragnar Sigurðsson). Árni Gautur Arason átti gott tímabil í marki Odd Grenland í Noregi, sem og Indriði Sigurðsson hjá Lyn, en hann var seldur til Viking Stavanger um mitt keppnistímabilið og hélt uppteknum hætti þar, ásamt Birki Bjarnasyni, sem festi sig í sessi sem byrjunarliðsmaður hjá Viking. Rúrik Gíslason var burðarás í sóknarleik danska liðsins OB, sem sat á toppi deildarinnar þegar farið var í vetrarfrí og Sölvi Geir Ottesen stjórnaði varnarleik SönderjyskE af miklum myndar-skap.

Konum í atvinnumennsku fjölgaði mjög á árinu og fjölmargar af stelpunum okkar í kvennalandsliðinu reru á erlend mið. Flestar héldu þær til Svíþjóðar og þar í landi léku á árinu 10 íslenskar landsliðskonur, en sænska deildin er almennt talin á meðal þeirra sterkustu í heimi. Allar léku þær lykilhlutverk með sínum liðum. Fjórar þeirra léku með Kristianstad (Margrét Lára Viðarsdóttir sem skipti til liðsins frá Linköping um mitt sumar, Hólmsfríður Magnúsdóttir, Erla Steina Arnardóttir og

Guðný Björk Óðinsdóttir), en Elísabet Gunnarsdóttir er þjálfari þess liðs. Guðbjörg Gunnarsdóttir og Guðrún Sóley Gunnarsdóttir léku með Djurgården, Edda Garðarsdóttir og Ólína G. Viðarsdóttir léku með Örebro. Þá lék Ásta Árnadóttir með Tyresö og Dóra Stefánsdóttir með Malmö. Þóra B. Helgadóttir, sem valin var besti leikmaður norsku deildarinnar af leikmönnum, flutti sig um set frá Kolbotn og leikur með Malmö í Svíþjóð á næsta keppnistímabili.

Þórunn Helga Jónsdóttir heldur áfram að gera það gott í Brasilíu með liði Santos. Hún hefur hampað hverjum titlinum á fætur öðrum með liðinu og vann á árinu sigur í Suður-Ameríkukeppni félagsliða kvenna. Íslenskum leikmönnum í Ameríku fjölgar á næsta ári þar sem Hólmsfríður Magnúsdóttir mun ganga til liðs við bandaríska liðið Philadelphia Independence og hefst keppnistímabilið þar í apríl.

INDRIÐI KOMINN Í 50 LEIKJA KLÚBBINN

Indriði Sigurðsson náði þeim áfanga á árinu að leika sinn 50. A-landsleik fyrir Íslands hönd. Áfanganum náði hann í vináttulandsleik gegn Íran í Teheran í nóvember. Einn leikmaður, Emil Hallfredsson, náði þeim áfanga að leika sinn 25. leik á árinu.

48 LEIKMENN KOMU VIÐ SÖGU HJÁ A-LIÐI KARLA

Alls komu 48 leikmenn við sögu í leikjum A-landsliðs karla á árinu og þrír að auki voru í hóp í einum eða fleiri leikjum ársins, en komu ekki við sögu. Sex af þeim leikmönnum sem komu við sögu hjá A-liðinu léku með U21 liði karla á árinu. 25 leikmenn komu við sögu hjá U21 karla, 18 leikmenn bæði hjá U19 og U18 karla og 21 leikmaður kom við

sögu hjá U17 liði karla. Þess ber auðvitað að geta að sumir þessara leikmanna léku með tveimur og jafnvel þremur landsliðum (U17-U18-U19) á árinu.

A LANDSLIÐ KVENNA

Sigurður Ragnar Eyjólfsson hélt áfram um stjórnartaumana hjá A-landsliði kvenna. Guðni Kjartansson var aðstoðarþjálfari Sigurðar.

Fyrsta verkefni ársins var Algarve Cup í Portúgal þar sem íslenska liðið lék nú í fyrsta sinn í öðrum af efri riðlum mótsins, sem þýðir að mótherjarnir eru á meðal þeirra sterkustu sem völ er á. Fyrst var leikið gegn Norðmönnum, sem hafa um árabil haft á að skipa einu af allra bestu landsliðum heims. Noregi var skellt 3-1 og var sigurinn verðskuldaður. Hvort lið um sig skoraði eitt mark í fyrri hálfleik, en íslenska liðið setti aukinn þrýsting á norska markið í síðari hálfleik og uppskar tvö mörk. Næst kom naumt 0-1 tap gegn Bandaríkjunum, sem skipar efsta sætið á styrkleikalista FIFA, þar sem sigurmark Bandaríkjamanna kom á blálökin. Íslenska vörnin átti í fullu tré við sóknarlínu bandaríska liðsins í leiknum. Lokaleikur riðilsins var leikur gegn Dönum, sem reyndust of sterkir og unnu 2-0 sigur með einu marki í hvorum hálfleik. Þetta þýddi að Ísland hafnaði í 3. sæti riðilsins og lék við Kína um 5.-6. sætið í mótinu. Ísland var síst lakari aðilinn í leiknum, en þær kínversku höfðu þó 2-1 sigur og hafnaði Ísland því í 6. sæti Algarve Cup að þessu sinni.

Liðið lék þrjá vináttulandsleiki á árinu. Sá fyrsti fór fram í knattspyrnuhúsinu Kórnum í Kópavogi í apríl, gegn Hollandi, og lauk honum með 1-1 jafntefli. Næst voru það tveir leikir í nágrenni Lundúna í Englandi, fyrst glæsi-

legur 2-0 sigur á Englendingum og síðan 1-2 tap gegn Dönum.

Stærsta verkefni ársins, og án nokkurs vafa eitt stærsta verkefni íslenskrar knattspyrnusögu, var þátttaka í úrslitakeppni EM í Finnlandi í lok ágúst. Stelpurnar okkar mættu til leiks fullar sjálfstrausts og hvergi bangnar, og voru dyggilega studdar í öllum leikjunum af gríðarlega öflugum hópi íslenskra stuðningsmanna, sem báru af stuðningsmönnum annarra liða í riðlinum. Áhugi fjölmiðla og almennings heima á Íslandi var gríðarlegur og sú umfjöllun sem kvennalandsliðið fékk á meðan á mótinu stóð er með því besta sem gerist hvar sem er í heiminum hvað kvennaknattspyrnu varðar.

Fyrsti leikurinn var gegn Frökkum, en þessi lið voru einmitt saman í riðli í undankeppninni og áttust þar við í tveimur hörkuleikjum. Ísland náði forystu í leiknum eftir rúmlega fimm mínútna leik, við ólýsanlegan fögnuð Íslendinga á leikvanginum. Frakkar náðu hins vegar smám saman tókum á leiknum og komust í 3-1, þar af með tveimur mörkum úr vítaspyrnum, áður en Ísland fékk tækifæri til að minnka muninn úr vítaspyrnu. Sú spyrna nýttist ekki og franskur sigur því staðreynd. Næstur kom leikur við Noreg og fyrir leikinn var ljóst að íslenska liðið varð að ná í stig til að vera áfram með í keppninni. Leikurinn var í járnum þegar Norðmenn skorðu undir blálök fyrri hálfleiks og reyndist það eina mark leiksins. Þar með var ljóst að Ísland myndi ekki komast upp úr riðlinum og vonbrigðin voru auðvitað mikil. Mótherjinn í lokaleiknum var ekki af verri endanum, sjálft þýska stálið, sem hefur verið nánast ósigrandi árum saman. Stelpurnar okkar voru hins vegar ákveðnar í að láta ekki bilbug á sér finna og börðust af miklum krafti allan leikinn. Þjóðverjar fengu ekki mörg

færi í leiknum og íslenska liðið var afar óheppið að ná ekki að jafna leikinn eftir að Þjóðverjar komust yfir í upphafi síðari hálfleiks. Ísland fékk þrjú upplögð færi til að jafna metin, en inn vildi boltinn ekki og eins marks ósigur gegn Heims- og Evrópumeisturum Þjóðverja því staðreynd. EM-ævintýrinu var lokið, en stelpurnar okkar gátu borið höfuðið hátt eftir hetjulega baráttu. Það voru svo Þjóðverjar sem hömpuðu Evrópumeistaratitlinum að nýju eftir 6-2 sigur á Englendingum í úrslitaleiknum.

Lokastaðan í EM-riðlinum

Félag	LUJT	Mörk	Net	Stig
1 Þýskaland	3 3 0 0	10 - 1	9	9
2 Frakkland	3 1 1 1	5 - 7	-2	4
3 Noregur	3 1 1 1	2 - 5	-3	4
4 Ísland	3 0 0 3	1 - 5	-4	0

Undankeppni HM 2011 hófst á árinu og reyndar var það þannig að fyrsti leikurinn í undankeppni HM fór fram í ágúst, fyrir úrslitakeppni EM. Sá leikur var gegn Serbíu og vannst þar öruggur 5-0 sigur fyrir framan ríflega fjögur þúsund áhorfendur, sem kvöddu íslenska liðið á viðeigandi hátt með góðum stuðningi áður en það hélt á EM. Um haustið fóru svo fram þrír leikir. Fyrst kom metsigur í september á Laugardalsvellingum gegn liði Eistlands, sem reyndist afar lítil mótstaða fyrir íslenska liðið sem var reynslunni ríkari eftir EM í Finnlandi. Tólf mörk gegn engu er stærsti sigur A-landsliðs kvenna frá upphafi og er óhætt að segja að mörkunum hafi rignt þetta kvöld. Næsti mótherji var öllu sterkari, en það voru einmitt Frakkar, sem eru að verða erkifjendur íslenska liðsins vegna fjölmargra viðureigna á síðustu misserum. Frakkarnir reyndust sterkir á heimavelli og var 2-0 sigur þeirra sanngjarn. Næsti leikur, sem var sá seinni af tveimur í lok október, var annar útileikur, að þessu sinni gegn Norður-Írum í Belfast. Íslenska liðið var sigur-

stranglegt fyrir leikinn, en gestgjafarnir reyndust þrautseigir. Sigurmark Íslands og eina mark leiksins kom þegar um 10 mínútur voru eftir, gríðarlega mikilvægt mark því stelpurnar mega alls ekki við því að misstíga sig fram að lokaleik riðilsins, gegn Frökkum á Laugardalsvellingum, sem allt stefnir í að verði úrslitaleikur um efsta sætið. Aðeins eitt lið kemst upp úr riðlinum.

Staðan í HM-riðlinum

Félag	LUJT	Mörk	Net	Stig
1 Frakkland	4 4 0 0	23 - 0	23	12
2 Ísland	4 3 0 1	18 - 2	16	9
3 N-Írland	2 1 0 1	1 - 1	0	3
4 Serbía	3 0 1 2	1 - 8	-7	1
5 Króatía	3 0 1 2	1 - 9	-8	1
6 Eistland	2 0 0 2	0 - 24	-24	0

U19 LANDSLIÐ KVENNA

Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfaði U19 lið kvenna, eins og hann hefur gert alveg síðan 1999. Ólafur hefur stjórnað liðinu í öllum leikjum þess nema einum, þeim fyrsta.

Í apríl var leikið í milliriðlum EM í Póllandi. Liðið (skipað leikmönnum fæddum 1990 og síðar) byrjaði mótið með látum og lagði Dani í fyrsta leik 3-2. Annar leikur liðsins var gegn Svíum og lauk honum 0-0. Lokaleikur Íslands í riðlinum var gegn liði heimamanna og á sama tíma léku Svíar og Danir. Öll liðin áttu möguleika á að sigra í riðlinum og komast í úrslitakeppni EM. Með mikilli baráttu náði íslenska liðið að knýja fram 2-2 jafntefli gegn Pólverjum og á sama tíma unnu Svíar Dani 1-0, og ljóst var að íslenska liðið sigraði í riðlinum með fleiri skorðum mörkum en Svíar.

Lokastaðan í milliriðlinum

Félag	LUJT	Mörk	Net	Stig
1 Ísland	3 1 2 0	5 - 4	1	5
2 Svíþjóð	3 1 2 0	1 - 0	1	5
3 Danmörk	3 1 0 2	3 - 4	-1	3
4 Pólland	3 0 2 1	2 - 3	-1	2

Íslenska liðið vann sér þar með þátttökurétt í úrslitakeppni EM sem fram fór í Hvíta-Rússlandi í júlí, og var í riðli með Englendingum, Svíum og Norðmönnum. Í fyrsta leik lék íslenska liðið gegn Norðmönnum og gerði markalaust jafntefli. Annar leikur liðsins var gegn Svíum og lauk honum með 2-1 sigri Svía, þar sem íslenska liðið náði forystunni, Svíar jöfnuðu en sigurmark þeirra kom ekki fyrir en á 87. mínútu. Lokaleikurinn var gegn Englendingum og átti íslenska liðið ekki mikla möguleika gegn sterku ensku liði og tapaði 0-4. Englendingar urðu síðar Evrópu-meistarar, unnu Svía 2-0 í úrslitaleik.

Lokastaðan í EM-riðlinum

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 England	3	2	1	0	7	-	0 7 7
2 Svíþjóð	3	2	0	1	4	-	5 -1 6
3 Noregur	3	0	2	1	1	-	2 -1 2
4 Ísland	3	0	1	2	1	-	6 -5 1

Í júlí lék U19 landsliðið (skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar) tvo æfingaleiki gegn Færeyjum, en leikið var í Hveragerði og í Þorlákshöfn. Íslenska liðið vann báða leikina nokkuð örugglega. Fyrri leikinn unnu stelpurnar 5-1 og í síðari leiknum sigraði íslenska liðið 3-1 og í raun hefðu sigrarnir getað verið enn stærri. Vegna þátttöku U19 í úrslitakeppni EM sem fram fór á sama tíma og æfingaleikirnir gegn Færeyjum stjórnaði Úlfar Hinriksson liðinu í fjarveru Ólafs Þórs Guðbjörns-sonar.

Í september var leikið í undankeppni EM 2010 og fór riðill Íslands fram í Portúgal. Fyrsti leikur liðsins var gegn liði heimamanna sem steinlái fyrir sterku íslensku liði, 2-0. Annar leikur liðsins var gegn Sviss og lauk honum með 1-1 jafntefli. Fyrir síðasta leik riðlakeppninnar var ljóst að markamunur gæti ráðið úrslitum um það hver sigraði í

riðlinum. Fimm marka sigur á Rúmenum dugði ekki til, þar sem Sviss sigraði Portúgal 4-1 á sama tíma og hafnaði því í efsta sæti riðilsins.

Lokastaðan í riðlinum

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Sviss	3	2	1	0	10	-	2 8 7
2 Ísland	3	2	1	0	8	-	1 7 7
3 Rúmenía	3	1	0	2	2	-	11 -9 3
4 Portúgal	3	0	0	3	2	-	8 -6 0

Þessi árangur tryggði íslenska liðinu sæti í milliriðli EM sem fram fer í lok mars. Í riðlinum, sem fram fer í Rússlandi eru, auk Íslands og gestgjafanna Rússa, eru Spánverjar og Tékkar.

U17 LANDSLIÐ KVENNA

Þorlákur Árnason tók við stjórnar- taumunum hjá U17 kvenna í byrjun árs 2009.

Í lok júní hófst opna NM, sem að þessu sinni fór fram í Svíþjóð. Fyrsti leikur Íslands var gegn Norðmönnum og tapaðist hann 2-5. Annar leikur liðsins var gegn Þjóðverjum og að þessu sinni steinlái íslenska liðið 0-6. Lokaleikur Íslands í riðlinum var síðan gegn Hollandi. Enn tapaði íslenska liðið, en að þessu sinni naumlega 1-2. Íslenska liðið lék því um sjöunda sætið við Danmörku og vann langþráðan 1-0 sigur.

Í júlí vann liðið tvo stóra sigra í vináttulandsleikjum gegn Færey- ingum og fóru leikirnir fram í Þorlákshöfn og á Hvolsvelli. Þeim fyrri lauk með 7-0 sigri og þeim síðari með 6-1 sigri.

Íslenska liðið lék í forkeppni EM í september og fór mótið fram hér á landi. Fyrsti leikurinn var gegn sterku liði Þjóðverja á Vodafone- vellinum og miklum baráttuleik lauk með markalausum jafntefli. Þetta var í fyrsta sinn sem

Þjóðverjar töpuðu stigi í Evrópu- keppni frá því fyrst var leikið í þessum aldursflokki. Annar leikurinn fór fram á Grindavíkur- velli og að þessi sinni var leikið við firnasterkt lið Frakka. Frakkar unnu 2-1 sigur og var það sárt tap fyrir íslenska liðið sem hafði farið svo vel af stað í keppninni. Í lokaleik sínum í riðlinum gjörsigraði íslenska liðið Ísraela með sjö mörkum gegn engu á Kópavogs- velli. Ísland hafnaði því í 3. sæti riðilsins á eftir Þjóðverjum og Frökkum og komst ekki áfram í milliriðil.

Lokastaðan í riðlinum

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Þýskaland	3	2	1	0	11	-	0 11 7
2 Frakkland	3	2	0	1	10	-	2 8 6
3 Ísland	3	1	1	1	8	-	2 6 4
4 Ísrael	3	0	0	3	0	-	25 -25 0

MARGRÉT, DÓRA OG FRÍÐA KOMNAR Í 50 LEIKI

Margrét Lára Viðarsdóttir, Dóra María Lárusdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir náðu þeim merka áfanga á árinu að leika sína 50. A- landsleiki. Áfanganum náði Margrét Lára á Algarve Cup, Dóra María gegn Noregi í úrslitakeppni EM í Finnlandi og Hólmfríður lék 50. leikinn sinn gegn Norður- Írlandi í undankeppni HM í október. Erna B. Sigurðardóttir, Ólína G. Viðarsdóttir og Katrín Ómarsdóttir léku sína 25. landsleiki á árinu.

KATRÍN BÆTIR METIÐ MEÐ HVERJUM LEIK

Katrín Jónsdóttir, fyrirlíði íslenska kvennalandsliðsins, er leikjahæsti leikmaður liðsins frá upphafi og bætir nú metið með hverjum leiknum sem hún tekur þátt í. Hún lék sinn nítugasta leik á árinu, gegn Eistlandi á Laugardalsvellingum í september, og hefur nú leikið alls

92 leiki. Edda Garðarsdóttir hefur leikið alls 78 leiki og þar með jafnað Ásthildi Helgadóttur sem næst leikjahæsti leikmaðurinn.

HEIMILDARMYNDIN STELPURNAR OKKAR

Á árinu var frumsýnd heimildarmyndin Stelpurnar okkar, sem er verkefni þeirra Þóru Tómasdóttur og Hrafnhildar Gunnarsdóttur. Þær stöllu fylgdu kvennalandsliðinu um hvert fótmál í tvö ár og er afrakstur þess eltingarleiks ofangreind mynd. Í myndinni kemur fram ýmislegt það sem gerist á bak við tjöldin í undirbúningi leikja og ferðalögum og er skyggst inn í daglegt líf nokkurra leikmanna.

U19 KVENNA Í EFSTA SÆTI HÁTTVÍSILISTANS Á EM

U19 landslið Íslands hlaut háttvísiverðlaun UEFA vegna úrslitakeppni EM sem fram fór í Hvíta-Rússlandi í júlí. Íslenska liðið hafnaði í efsta sæti háttvísilistans á undan Hvíta-Rússlandi og Frakklandi sem voru í 2. og 3. sæti. Fannðís Friðriksdóttir fyrirliði U19 landsliðsins tók á móti háttvísibikarnum í höfuðstöðvum UEFA í Nyon um miðjan desember og við sama tækifæri aðstoðaði hún við dráttinn í undankeppni og milliriðla EM U17 og EM U19 kvenna.

A KVENNA FÉKK HÁTTVÍSIVERÐLAUN UEFA

A-landslið kvenna hlaut háttvísiverðlaun UEFA fyrir leik sinn í úrslitakeppni EM, sem fram fór í Finnlandi í ágúst og sepetmber. Ýmis atriði eru höfð til hliðsjónar þegar þessi verðlaun eru annars vegar, þeirra á meðal gul og rauð spjöld, framkoma leikmanna og aðstandenda, jákvæður leikur og framkoma áhorfenda svo eitthvað

sé nefnt. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari, tók við háttvísiverðlauninum fyrir hönd kvennalandsliðsins við hátíðarkvöldverð á ráðstefnu fyrir þjálfara A landsliða kvenna í Evrópu og fræðslustjóra aðildarlanda UEFA, sem fór fram í Nyon í Sviss í lok nóvember.

ÚRTÖKUMÓT

Úrtökumót stúlkna fór fram að Laugarvatni í ágúst eins og hjá drengjunum. Á þessu úrtökumóti stúlkna komu saman u.þ.b. 40 leikmenn og fór mótið vel fram. Úrtökumótið var haldið vegna vals á stúlkum sem eru gjaldgengar í U17 liðið 2010.

TÆPLEGA 90 KOMU VIÐ SÖGU HJÁ YNGRI LIÐUNUM

Þjálfarar U17 og U19 landsliða kvenna tefldu fram fjölmörgum leikmönnum í leikjum ársins. Hjá U17 liði kvenna kom 41 leikmaður við sögu og hjá U19 komu 46 leikmenn við sögu í leikjum ársins. Þetta gera tæplega níutíu leikmenn alls, en þess ber þó að geta að í nokkrum tilfellum léku leikmenn bæði með U17 og U19 á árinu.

STYRKLEIKALISTAR FIFA

A-landslið karla var í 92. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2009 og féll því um níu sæti frá árinu á undan. Listinn er gefinn út mánaðarlega. Liðið hóf árið í 80. sæti og klifraði upp í það 75. í mars, en tók síðan snarpa dýfu niður í sæti 93 og hélt sig á þeim slóðum alveg fram í október, stökk þá upp í 86. sæti, en fór svo aftur niður á við og lauk árinu sem fyrr greinir í 92. sæti. Ef aðeins Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn er Ísland í 40. sæti.

A-landslið kvenna var í 18. sæti í lok árs á styrkleikalista FIFA fyrir kvennalandslið sem gefinn er út þrisvar sinnum á ári, og hækkaði því um eitt sæti milli ára. Hreyfingar innan ársins voru litlar, sérstaklega í efri hlutanum, og íslenska liðið var í sætum 17-19 allt árið. Ef aðeins Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn er Ísland í 11. sæti.

ENN SLEGIÐ MET Í FJÖLDA LANDSLEIKJA Á EINU ÁRI

Aldrei hafa landslið Íslands leikið fleiri landsleiki en á árinu 2009. Samanlagt léku þau 66 landsleiki. Árið 2007 voru spilaðir 62 landsleikir og árið 2008 voru leikirnir 65 og höfðu þá í hvort skiptið aldrei fleiri leikir farið fram á einu ári. Enn fjölgaði leikjunum í ár og voru þeir 66 talsins. Landsleikirnir skiptast þannig niður á liðin:

<i>A landslið karla:</i>	11 leikir
<i>U21 karla:</i>	6 leikir
<i>U19 karla:</i>	5 leikir
<i>U18 karla:</i>	3 leikir
<i>U17 karla:</i>	7 leikir
<i>A landslið kvenna:</i>	14 leikir
<i>U19 kvenna:</i>	11 leikir
<i>U17 kvenna:</i>	9 leikir

LANDSLEIKIR Á ÞRIÐJUDÖGUM

Framkvæmdastjórn FIFA ákvað á árinu að framvegis yrðu landsleikjadagar á þriðjudögum í stað miðvikudaga áður. Hingað til hafa alþjóðlegir landsleikjadagar verið annars vegar á föstudögum eða laugardögum og svo á miðvikudögum. Frá og með september 2010 verða þessir landsleikjadagar á föstudögum eða laugardögum og þriðjudögum.

EIÐUR SMÁRI OG ÞÓRA B. KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

Leikmannaval KSÍ valdi Eið Smára Guðjohnsen og Þóra B. Helgadóttur knattspyrnufólk ársins 2009. Í Leikmannavali KSÍ eru aðallega fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni.

Eiður Smári Guðjohnsen lék með Barcelona á síðasta tímabili, en þetta stórkostlega knattspyrnulið vann alla stóru titlana á keppnistímabilinu. Hann varð fyrsti Íslendingurinn til þess að vinna Meistaradeild UEFA en einnig vann Barcelona Ofurbikar UEFA (UEFA Super Cup), spænsku deildina og spænska bikarinn. Eiður lék 33 leiki með Barcelona í öllum keppnum á tímabilinu og skoraði í þeim 4 mörk. Eiður samdi svo við franska félagið Monaco til tveggja ára nú í sumar. Eiður er markahæsti leikmaður karlalandsliðs Íslands frá upphafi og hefur skorað 24 mörk í 61 landsleik og bætir við metið með hverju landsliðsmarki. Eiður lék 6 landsleiki á árinu og skoraði í þeim tvö mörk.

Þóra B. Helgadóttir samdi við norska liðið Kolbotn á árinu og sló þar í gegn. Hún var lykilmáður liðsins, sem hafnaði í þriðja sæti norsku deildarinnar, og var svo kjörin besti leikmaður deildarinnar, en það eru leikmennirnir sjálfir sem standa að kjörinu. Seint á árinu samdi hún svo við sænska liðið Malmö til þriggja ára. Þóra var einnig í stóru hlutverki hjá kvennalandsliðinu á árinu og lék 8 landsleiki, þar af tvo í úrslitakeppni EM í Finnlandi. Hún hefur leikið alls 68 landsleiki og er fjórða leikjahæsta landsliðskona Íslands.

•••••

EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

MEISTARAEILD UEFA

Íslandsmeistarar FH féllu úr keppni í 1. umferð forkeppni Meistaradeildar UEFA eftir tap gegn liði Aktobe frá Kasakstan. Segja má að Kasakarnir hafi í raun gert út um viðureignina í fyrri leiknum, þegar þeir unnu 4-0 sigur á Kaplakrikavelli. Aktobe vann einnig síðari leikinn, nú með tveimur mörkum gegn engu og því viðureignina 6-0 samanlagt.

EVROPUDEILD UEFA

Þrjú íslensk lið léku í Evrópu-deild UEFA að þessu sinni, í kjölfar þeirra breytinga sem urðu á fyrirkomulagi UEFA-móta félagsliða.

Keflvíkingar léku gegn maltneska liðinu Valletta í 1. umferð forkeppinnar og biðu þar lægri hlut. Maltverjarnir unnu fyrri leikinn, á Möltu, með þremur mörkum gegn engu, og því var alltaf ljóst að róðurinn yrði þungur fyrir Keflvíkingsa. Niðurstaðan á Sparisjóðsvellinum í Keflavík varð 2-2 jafntefli og því ljóst að Keflvíkingar voru úr leik.

Framarar gerðu fína hluti í Evrópu-deildinni og unnu The New Saints frá Wales í tvígang í 1. umferð forkeppinnar, 2-1 bæði heima og úti. Í 2. umferð forkeppinnar mættu þeir tékkneska liðinu Sigma Olomouc. Frábært 1-1 jafntefli í útileiknum gaf Frómurum vonir um að komast áfram í keppninni, en Tékkarnir reyndust of sterkir á Laugardalsvellinum og unnu með tveimur mörkum gegn engu.

KR-ingar, sem sátu hjá í 1. umferð forkeppinnar, mættu mjög sterku grísku liði í 2. umferð, Larissa.

Grikkirnir voru slegnir út af laginu með frábærri frammistöðu KR í Frostaskjólínu og 2-0 sigur var gott veganesti í seinni leikinn, sem lauk með 1-1 jafntefli og KR-ingar því komnir áfram í 3. umferð. Þar mættu þeir liði Basel frá Sviss. KR náði tveggja marka forystu í fyrri leiknum, sem fram fór á KR-vellinum, en gestirnir náðu að jafna metin. Í síðari leiknum náðu Svisslendingarnir svo að vinna 3-1 sigur, þrátt fyrir ágætan leik KR-inga.

MEISTARAEILD KVENNA

Meistaradeild UEFA fyrir kvennalið hóf göngu sína á árinu og tók við af UEFA-bikarkeppni kvenna. Íslandsmeistarar Vals þurftu ekki að fara í gegnum undanriðil, heldur fóru beint í 32-liða úrslit, þar sem leikið er heima og heiman. Mót-herjarnir voru ítalska liðið Torres Calcio. Ítalska liðið reyndist vera afar sterkt og vann 4-1 sigur í fyrri leiknum, sem fór fram ytra. Torres vann einnig seinni leikinn, sem fram fór á Vodafone-vellinum að Hlíðarenda, að þessu sinni 2-1, og því 6-2 samanlagt. Á næsta keppnistímabili munu tvö íslensk lið leika í Meistaradeild UEFA fyrir félagslið kvenna, Íslandsmeistarar Vals og Breiðablik.

HVÖT LÉK Í UEFA-BIKAR FÉLAGSLIÐA Í FUTSAL

Hvöt frá Blönduósi tók þátt í UEFA-bikar félagsliða í Futsal UEFA Futsal Cup) í ágúst, og fór riðillinn fram í Austurríki. Auk Hvatar voru í riðlinum Erebuni Yerevan frá Armeníu, Asa Tel Aviv frá Ísrael og gestgjafarnir FC Allstars frá Austurríki. Tvö fyrstnefndu liðin höfnuðu í efstu tveimur sætum riðilsins, jöfn að stigum eftir jafntefli í innbyrðis leik liðanna, en Erebuni Yerevan hafnaði í efsta sæti riðilsins á betri markatölu. Hvatarmenn töpuðu

fyrstu tveimur leikjunum með litlum mun, fyrst 5-2 gegn ísraelska liðinu og síðan 5-4 gegn FC Allstars, en steinlágu gegn Armenunum, sem unnu 7-0 sigur og tryggðu sér þar með efsta sætið í riðlinum.



MANNVIRKJAMÁL

STÚKUR HJÁ ÞÓR OG REYNI

Á árinu var tekin í notkun ný áhorfendastúka við félags- og keppnissvæði Þórs á Akureyri. Stúkan rúmar um 1.000 manns í sæti og er öll hin glæsilegasta, með vel útbúinni fjölmiðla- og þjónustuaðstöðu. Þá var tekin í notkun ný og glæsileg stúka hjá Reyni Sandgerði sem rúmar 350 manns.

ÚTHLUTAÐ ÚR MANNVIRKJASJÓÐI Í ANNAÐ SINN

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í maí að úthluta 34 milljónum úr Mannvirkjasjóði KSÍ, en þetta er í annað skiptið sem úthlutað er úr sjóðnum. Alls voru það 8 félög sem fengu úthlutun í þetta skipti. Sjóðnum er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja til þess að skapa iðkendum, stjórnendum, áhorfendum, fjölmiðlum og öðrum sem besta aðstöðu. Gert er ráð fyrir að Mannvirkjasjóður KSÍ muni á árunum 2008-2011 úthluta 200 milljónum króna til aðildarfélaga. Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu:

Hvöt	Æfingasv/áhorfsv	1mkr
Álftanes	Gervigrasvöllur	5mkr
Hamar	Áhorfendaaðstaða	2mkr
FH	Stúka ofl.	10mkr
ÍR	Áhorfendaaðstaða	1mkr
Fram	Aðst. í Úlfarsárdal	10mkr
Neisti Drang.	Upphitaður sparkv.	2mkr
Leiknir R.	Nýtt vallarhús	2mkr
Landb. hásk.	Upphíttunartilraun	1mkr

KNATTSPYRNUHÚSIÐ Í GRINDAVÍK OPNAÐ

Knattspyrnuhúsið í Grindavík, *Hópið*, sem er með velli í hálfri stærð, var tekið í notkun á árinu og fjölgar því enn knattspyrnuhúsum á landinu. Í Vestmannaeyjum eru hafnar framkvæmdir við knattspyrnuhús með velli í hálfri stærð. Þessar framkvæmdir gjörbylta að sjálfsgöðu allri aðstöðu til æfinga í þessum bæjarfélögum.

KNATTSPYRNUGRASVELLIR Í FULLRI STÆRÐ ORÐNIR 26

Knattspyrnugrasvöllum (gervigrasvöllum) utandyra í fullri keppnisstærð fjölgaði um tvo á árinu og eru þeir nú orðnir 19 talsins. Knattspyrnuhallir með keppnisvöllum í fullri stærð eru 7, þannig að alls eru nú á landinu 26 knattspyrnugrasvellir í fullri keppnisstærð.

Knattspyrnuhús með keppnisvöllum í fullri stærð:

Akranes	Akraneshöllin
Akureyri	Boginn
Reykjanesbær	Reykjaneshöllin
Kópavogur	Fíffan Kórinn
Fjarðabyggð	Fjarðabyggðarhöllin
Reykjavík	Egilshöll

Vellir með knattspyrnugrasi (gervigrasi) utanhúss með keppnisvöllum í fullri stærð:

Fljótsdalshérað	Fellavöllur
Fjarðabyggð	Neskaupstaðarvöllur
Garðabær	Stjörnuvöllur
Hafnarfjörður	Ásvellir
Ísafjörður	Torfneshöllur
Kópavogur	Fagrilundur Við Kórinn (nýr)
Mosfellsbær	Varmárvöllur
Reykjavík	Framvöllur Fylkisvöllur ÍR-völlur KR-völlur Leiknisvöllur Valsvöllur Við Egilshöll Víkingsvöllur (nýr) Þróttarvöllur
Árborg	Selfossvöllur
Seltjarnarnes	Gróttuvöllur

HRÖÐ ÞRÓUN Í ÁTT TIL KNATTSPYRNUGRASS

Á Norrænu mannvirkjaráðstefnunni, sem haldin var í Færeyjum að þessu sinni, var rætt um knattspyrnugras (gervigras) og kom verulega á óvart hve þróunin er hröð í efstu deildum í nágrannalöndunum í þá átt að knattspyrnugras sé notað til keppni. Nánast allar nýir knattspyrnuvellir í Noregi eru lagðir knattspyrnugrasi, og er nú um helmingur valla í tveimur efstu deildum karla með knattspyrnugrasi. Í Svíþjóð er um þriðjungur valla í sömu deildum með knattspyrnugrasi. FIFA hefur sýnt þróun mála á Norðurlöndunum mikinn áhuga.



FRÆÐSLA OG ÚTBREIÐSLA

NÁMSKEIÐAHALD

KSÍ hélt áfram að útskrifa þjálfara með KSÍ B og KSÍ A gráður og nú er svo komið að 329 þjálfarar hafa lokið við KSÍ B gráðuna og 107 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðuna. Að auki hafa 4 Íslendingar lokið við UEFA Pro þjálfaragráðuna og 3 Íslendingar til viðbótar eru að ljúka við það nám erlendis.

Algjör metþátttaka var á námskeiðum KSÍ á þessu starfsári. Haldin voru 19 þjálfaranámskeið á árinu en 5 þeirra fóru fram utan höfuðborgarsvæðisins. KSÍ hefur aldrei haldið fleiri námskeið á einu ári. Á öll námskeiðin mættu alls 662 þjálfarar en það er um 18% aukning frá því í fyrra sem þó var metár. Á þessu starfsári voru haldin mörg endurmenntunarnámskeið

fyrir þjálfara sem hafa lokið við KSÍ A gráðu og voru þau vel sótt.

AUKIÐ VÆGI FRÆDSLUFES

Fræðsluvefur KSÍ á www.ksi.is er orðin veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðlustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast mjög þjálfurum í starfi.

„LOFTHÁÐ OG LOFTFIRRT ÞJÁLFUN Í KNATTSPYRNU“

KSÍ gaf út nýja og veglega þjálfraðibók í knattspyrnu á árinu eftir Dr. Jens Bangsbo. Bókin ber nafnið „Loftháð og loftfirrt þjálfun í knattspyrnu“. KSÍ lét prenta bókina í 800 eintökum og afhenti hana á þjálfaranámskeiðum, en hefur bókina einnig til sölu. Bókin leysir úr brýnni þörf á fræðslufni á íslensku í þjálfraði knattspyrnunnar. Bergur Heimur Bergsson þýddi bókina.

FRÆDSLUPERKEFNI UEFA

KSÍ tók þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist *UEFA study group scheme*. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum löndum Evrópu. Verkefnið heldur áfram næstu 3 árin og verða 3-4 ferðir farnar á hverju ári. KSÍ sendi fulltrúa í þrjár ferðir á árinu og var einnig gestgjafi í einu fræðsluverkefni á þessu starfsári.

STYRKIR KSÍ TIL FRÆDSLUMÁLA

KSÍ veitti 10 styrki til fræðslumála á árinu. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Ícelandair og til baka og mikill fjöldi umsókna barst. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhuga-

sömum aðilum í knattspyrnu-hreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis.

KNATTÞRAUTIR KSÍ 2009

Síðastliðið sumar stóð KSÍ fyrir knattþrautum fyrir 5. flokk karla og kvenna. Gefinn var út nýr knattþrautabæklingur í stóru upplagi og dreift víða. Fulltrúi KSÍ heimsótti félögin og hafði umsjón með þrautunum ásamt þjálfurum viðkomandi félaga. Það var Gunnar Einarsson, fyrrum atvinnumaður í knattspyrnu, sem hafði umsjón með verkefninu fyrr hönd KSÍ. Lagðar voru 6 knattþrautir fyrir þennan hóp sem taka á þeim þáttum knattspyrnunnar sem krakkarnir eru að læra hjá sínum félögum. Gunnar heimsótti 39 aðildarfélög og alls tóku 1163 iðkendur þátt í knattþrautunum (784 strákar og 379 stelpur). Gunnar setti upp knattþrautirnar, gaf börnunum góð ráð, spjallaði við þau um hvað þarf til að ná langt í knattspyrnu og hvatti þau áfram. Afar góður rómur var gerður að verkefninu, sem þótti lukkast mjög vel í alla staði og vakti mikla eftirtekt. KSÍ stefnir að framhaldi á þessu verkefni, sem verður þá þróað áfram og umfang verkefnisins jafnvel stækkað.

SAMSTARF KSÍ OG HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Íþróttfræðisvið Háskólans í Reykjavík (HR) og KSÍ gerðu á árinu með sér samkomulag á sviði menntunar dómara, og rannsóknar og starfsnáms nema í íþróttfræðum við HR. Kennarar og nemar á íþróttfræðisviði HR koma að þjálfun og menntun dómara KSÍ með ýmsum hætti. Þá njóta nemar á íþróttfræðisviði leiðsagnar ýmis fagfólks á vegum KSÍ.

FRÆDSLUFUNDARÖÐ KSÍ

KSÍ stóð fyrir röð fræðslufunda í apríl og maí sem m.a. voru ætlaðir fyrir framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur knattspyrnufélaga. Hluti fræðslufundanna tengdist beint leyfiskerfi KSÍ sem félög í Pepsi-deild og 1. deild karla þurfa að undirgangast, en fundirnir voru allir opnir þeim aðildarfélögum KSÍ sem höfðu áhuga. Meðal þess sem fjallað var um var málefni fjölmiðla, öryggismál, viðburðastjórnun, samningar við samstarfsaðila, rekstur og bókhald, auk hins klassíska umfjöllunarefnis – dómgæsla og knattspyrnulögin. Fræðslufundirnir voru vel sóttir og þátttaka mjög góð.

UEFA MEÐ RÁÐSTEFNU Í VIÐBURÐASTJÓRNUN

Í maí fór fram hér á landi tveggja daga ráðstefna á vegum UEFA í samstarfi við KSÍ. Ráðstefnan fór fram á á Nordica Hilton hótelinu og á Laugardalsvelli og var hluti af KISS (*Knowledge & Information Sharing Scenario*) fræðsluverkefni UEFA. Viðfangsefni ráðstefnunnar var viðburðastjórnun og sátu rúmlega 90 gestir frá flestum af aðildarlöndum UEFA ráðstefnuna.

KNATTSPYRNUFÓLK FRAMTÍÐARINNAR

Knattspyrnskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 15.-19. júní og hann sóttu samtals 48 drengir. Freyr Sverrisson, þjálfari U16 landsliðs karla, var skólustjóri eins og síðustu ár. Skóli stúlkanna fór fram dagana 8.-12. júní og sótti hann 41 stúlka. Þorlákur Árnason, þjálfari U17 landsliðs kvenna, var skólustjóri að þessu sinni. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í

heimsókn í knattspyrnskólana að vanda.

GRASRÓTARSÁTTMÁLINN

Í mars tilkynnti UEFA að KSÍ hefði fengið samþykki fyrir stjórnnum 3 og 4 í Grasrótarsáttmála UEFA og í desember kom svo önnur tilkynning um að nefnd UEFA um Grasrótarverkefni hafi lagt til við stjórn UEFA um að veita KSÍ stjórn 2. KSÍ verður þar með komið með 4 stjórnur og er KSÍ ellefta sambandið sem nær stjórn fjögur. Unnið verður í framhaldi af þessu að því að fá stjórn fimm. Til að fá stjórn fimm þarf KSÍ að koma betur að einstökum grasrótarviðburðum óskráðra leikmanna, skólamótum, o.fl.

VIÐURKENNINGAR FYRIR GRASRÓTARSTARF

Breiðablik hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2009 og fyrir besta stúlkna og kvennamótið – Síamótið, sem hefur um árabíl verið haldið með miklum glæsi-brag. Knattspyrnufélag KR fékk viðurkenningu fyrir grasrótarviðburð ársins hjá fötluðum vegna knattspyrnumóts Special Olympics á KR-velli og fyrir knattspyrnuæfingar fyrir fatlaða sem hófust eftir áramótin 2008/2009. Fjarðabyggð fékk viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð smærri bæjarfélaga - Fjarðarálsmótið, sem haldið er fyrir 3.-7. fl. karla og kvenna.

9. KNATTSPYRNUVIKA SPECIAL OLYMPICS

Um mánaðamótin apríl/maí var knattspyrnuvika Special Olympics haldin, sem hefur það að markmiði að styðja við og auka knattspyrnuíðkun þroskaheftra, og er þetta í 9.

sinn sem þessi knattspyrnuvika er haldin. Knattspyrnuvikan nýtur öflugss stuðnings UEFA og er jafnan einn af hápunktum hvers árs hjá Special Olympics. Áætlað er að um 50.000 leikmenn í 45 löndum taki þátt í knattspyrnuvikunni, og á meðal þeirra eru leikmenn hér á landi. Stefnir er að þátttöku þroskaheftra einstaklinga í knattspyrnu í félagi við leikmenn sem ekki eru þroskaheftir (*Unified Football*). Þannig munu þroskaheftir leikmenn og leikmenn sem ekki eru þroskaheftir leika saman í liði. Markmiðið er að breiða út almennan áhuga þroskaheftra á íþróttinni og að vinna gegn fordómum. KSÍ tekur þátt í þessu verkefni með ýmsum hætti í samstarfi við Special Olympics á Íslandi. Meðal annars má nefna að þrjár stúlkur frá íþróttafélaginu Ösp voru lukkukrakkar á vináttulandsleik Íslands og Hollands í A-landslíðum kvenna, sem fram fór í Kórnum í apríl. Einnig var settur upp stuttur sýningarleikur í hálfleik í úrslitaleik Lengjubikars karla, sem einnig fór fram í Kórnum. Þar var leikið í blönduðum liðum, þ.e. þroskaheftir saman í liði með leikmönnum sem ekki eru þroskaheftir. Þess má geta að KR og ÍA buðu upp á æfingar þar sem þessir hópar leikmanna leika saman og hefur það verkefni byrjað mjög vel.

ÆFINGAR FYRIR FATLAÐA OG HEIMSÓKNIR Í SKÓLA

Sumarið 2009 voru haldnar þrjár æfingar fyrir fatlaða í samstarfi við ÍF. Æfingar fóru fram í Reykjavík. Nokkrir leikmenn karlalandsliðsins mættu á æfingarnar og vakti það mikla lukku þátttakendanna. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari A-landslíðs kvenna, heimsótti nokkra skóla í samstarfi við félög og kynnti sérstaklega knattspyrnu kvenna ásamt því að sinna öðrum útbreiðsluverkefnum. Meðal annars fóru Sigurður og

Magnús Már Jónsson dómastjóri til Reyðarfjarðar og voru með fyrirlestra í knattspyrnuakademíu Fjarðabyggðar.

GÆÐAVOTTUN KNATTSPYRNUSKÓLA

Unnar voru leiðbeiningar að gæðavottun fyrir knattspyrnskóla félaga. Leiðbeiningarnar voru sendar í skólana og síðan fóru starfsmenn KSÍ í þá skóla sem óskuðu þess og tóku út starfsemi skólanna. Af þeim félögum sem sóttu um gæðavottun stóðust þrjár skólar vottunina, Gróttu, HK og Víkingur.

•••••

ANNÆÐ

NÝIR SAMNINGAR VIÐ SPORTFIVE

KSÍ og Sportfive undirrituðu í janúar 2008 samning sem fól í sér kaup Sportfive á útsendingarrétti og markaðsrétti frá íslenskri knattspyrnu fyrir árin 2010 og 2011. Tók sá samningur við af fyrri samningi sem rann út í desember 2009 og gaf íslenskri knattspyrnuhreyfingu um 500 milljónir króna. Í desember 2008 var síðan undirritaður samningur fyrir árin 2012 til 2015. Áætlað er að samningarnir fyrir árin 2010-2015 geti skilað knattspyrnuhreyfingunni allt að tveimur milljörðum króna.

PEPSI-DEILDIR

Í febrúar tilkynnti Landsbankinn einhliða að bankinn hefði afsalað sér markaðsrétti á Landsbankadeildum karla og kvenna. Í apríl var svo tilkynnt að Ölgerðin (Pepsi) yrði samstarfsaðili félaganna í

deildunum til næstu þriggja ára (2009-2011) og heita deildirnar því nú Pepsi-deildir karla og kvenna. Pepsi hefur stutt við bakið á knattspyrnu um víða veröld um langa hríð og er mikill fengur að þessu samstarfi fyrir íslenska knattspyrnu.

AFMÆLISFÉLÖG

Nokkur aðildarfélag áttu stórafmæli á árinu. KR hélt upp á 110 ára afmæli sitt, Ungmennafélag Svarf-dæla á Dalvík og Afturelding í Mosfellsbæ urðu 100 ára, FH og Keflavík fögnuðu 80 ára afmælum sínum og Þróttur í Reykjavík hélt upp á 60 ára afmæli sitt. KSÍ heiðraði fjölmarga félagsmenn félaganna af þessu tilefni.

HEIMSGANGA Í ÞÁGU FRÍÐAR

Á árinu tók KSÍ virkan þátt í verkefninu „Heimsganga í þágu friðar og tilveru án ofbeldis“ – www.heimsganga.is. Markmið Heimsgöngunnar var að skapa vitundarvakningu sem hafnar öllu ofbeldi hvernig sem það birtist. Þátttaka KSÍ fólst meðal annars í því að í þeim leikjum Pepsi-deildar karla sem voru í beinni útsendingu sjónvarps var fáni Heimsgöngunnar borinn inn á völlinn á undan liðunum. Gangan sjálf hófst á fæðingardegi Gandhis (2. október) á Nýja Sjálandi, stóð yfir í 3 mánuði og endaði við rætur Aconcagua, hæsta fjalls Suður-Ameríku 2. janúar 2010.

Yfirlýsing KSÍ til stuðnings verkefninu: *Á hverjum einasta degi koma börn jafnt sem fullorðnir saman, í öllum löndum heims, til að leika knattspyrnu. Fólk á öllum aldri, af báðum kynjum, af öllum stærðum og gerðum, öllum kynþáttum, úr öllum trúflokum og af öllu þjóðerni, sameinast í þessari*

fallegu íþrótt. Ástin á knattspyrnu sameinar heimsbyggðina og er öflugt tæki til ákalls um frið á vorum tímum og til allrar framtíðar. Þess vegna styður Knattspyrnusamband Íslands Heimsgöngu í þágu friðar og tilveru án ofbeldis, af heilum hug og hjarta.

LÉKU Í AUGLÝSINGU FYRIR MÆNSKAÐASTOFNUN

Mænuskaðastofnun er sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði sínu að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum að lækning á mænuskaða verði að veruleika. Stofnunin leitaði til nokkurra landsliðskvenna síðastliðið sumar vegna vinnslu auglýsingar sem ætlað var að vekja athygli á starfsemi stofnunarinnar og var það auðsótt mál. Landsliðskonurnar Guðbjörg Gunnarsdóttir, Dóra Stefánsdóttir, Katrín Ómarsdóttir, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Þóra B. Helgadóttir, Kristín Ýr Bjarnadóttir, Rakel Hönnadóttir og Edda Garðarsdóttir tóku þátt í gerð auglýsingarinnar.

FATLAÐAR STÚLKUR HÉLDU Á FÁNUM FIFA

Á kvennalandsleik Íslands og Eistlands í september vöktu fánaberarnir sérstaka athygli. Um var að ræða átta fatlaðar stúlkur sem að héldu á fánum FIFA á meðan leikmenn gengu inn á völlinn og þjóðsöngvar þjóðanna voru leiknir. Ljóst er að fánaberarnir höfðu góð áhrif á leikmenn Íslands í leiknum enda urðu mörkin 12 áður en yfir lauk.

VIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐS

Í nóvember veitti Jafnréttisráð kvennalandsliði Íslands viðurkenningu Jafnréttisráðs fyrir árið 2009.

Það var Katrín Jónsdóttir, fyrirlíði, sem tók við viðurkenningunni úr hendi Árna Páls Arnasonar félagsmálaráðherra fyrir hönd kvennalandsliðsins. Í tilkynningu frá Jafnréttisráði kemur fram að meginröksemd fyrir þessari ákvörðun ráðsins er það fordæmisgildi sem starf og árangur kvennalandsliðsins hefur og er stúlkum mikil hvatning og fyrirmynd.

VEFUR KSÍ FÉKK ANDLITSLYFTINGU

Vefur KSÍ – ksi.is fékk andlitslyftingu á vordögum 2009. Vefurinn fór fyrst í loftið í maí 2000, en fór í gegnum allsherjar yfirhalningu í maí 2005. Almennt er “líftími” vefsíðna 3-5 ár og því var farið að huga að vinnu við nýjan vef um haustið 2008. Nýja útlitið var svo vígt í maí 2009. Efnislegar breytingar voru ekki miklar og aðallega var um að ræða útlitsbreytingar. Við breytingarnar reyndist nauðsynlegt að uppfæra ýmsa aðra þætti vefsins og það þýddi nokkrar truflanir á tengingum við gagnagrunn KSÍ, sem nokkurn tíma tók að leysa úr. Sveigjanleiki nýja kerfisins er talsvert meira en þess gamla og auðveldara og fljótlegra er að ráðast í nauðsynlegar breytingar. Sem dæmi má nefna að ksi.is tók þátt í að vekja athygli á Bleiku slaufunni, árveknisátaki Krabbameinsfélagsins gegn brjóstakrabbameini og fékk vefurinn bleikt yfirbragð þessar tvær vikur sem verkefnið stóð yfir, með bleikum slaufum til skrauts.

Notkunarmöguleikar ksi.is verða sífellt fleiri og stöðugt er unnið að endurbótum til að bregðast enn betur við upplýsingaleit notenda. Eins og gefur að skilja er umferð um vefinn þungst yfir sumartímann og fara heimsóknir þá vel á annað hundrað þúsund í hverjum mánuði.

Nýr myndavefur leit loks dagsins ljós, en opnun hans hafði staðið til síðan 2007. Nýi myndavefurinn veitir knattspyrnuá hugafólki auðveldan aðgang að myndasafni KSÍ, sem telur tugþúsundir mynda frá ýmsum skeiðum íslenskrar knattspyrnusögu.

Á ksi.is er að finna gríðarlega mikið af upplýsingum um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, leikmannasamninga, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfið, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á vefnum og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist.

Hægt er að skoða alla landsleiki Íslands frá upphafi á vefnum, auk úrslita annarra leikja í undankeppnum stórmóta og stöðutafna. Unnið er að því að færa úrslit allra leikja í mótum meistaraflokka í mótakerfið, þannig að hægt verði að skoða úrslit og stöðutöflur aftur í tímann á vefnum. Lokið hefur verið skráningu á öllum leikskýrslum í öllum landsliðum kvenna frá upphafi og stefnt er að því að ljúka sömu vinnu fyrir karlalandsliðin sem allra fyrst.

Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að vefnum.

Þá var settur upp á árinu sérstakur vefur til heiðurs A-landsliði kvenna vegna þátttöku liðsins í úrslitakeppni EM í Finnlandi - emstelpurnar.is. Á vefnum var hægt að finna allar nauðsynlegar og ýmsar áhugaverðar upplýsingar um liðið, þjálfara og leikmenn, keppnina, leikstaði, og ýmislegt annað tengt úrslitakeppninni.

REGLUGERÐIR

Stjórn KSÍ samþykkti á starfsárinu nokkrar nýjar reglugerðir og reglur.

Ný leyfisreglugerð var samþykkt á stjórnarfundum þann 15. september en reglugerðin tekur við af Leyfis-handbók KSÍ. Ekki er um verulegar efnislegar breytingar að ræða frá handbókinni, en reglugerðin tók gildi þann 1. nóvember síðastliðinn og er unnið samkvæmt henni við veitingu þátttökuleyfa í Pepsi-deild karla og 1. deild karla fyrir keppnistímabilið 2010.

Ný reglugerð KSÍ um menntun þjálfara var samþykkt á stjórnarfundum 18. desember, en með nýrri reglugerð er hlutverk aðalþjálfara skilgreint nánar og gerðar eru kröfur um aukna menntun þjálfara í flestum eldri aldursflokkum. Gildistöku á þeim greinum sem lúta að auknum menntunarkröfum þjálfara er þó frestað til 1. nóvember 2010 til að gefa aðildarfélögum aðlögunarfrest.

Í kjölfar mikillar umræðu innan knattspyrnuhreyfingarinnar og í samfélaginu um málefni KSÍ samþykkti stjórn Síðareglur KSÍ á fundi sínum þann 18. desember. KSÍ er ábyrgt fyrir því að vernda heilindi og orðspor knattspyrnunnar og voru síðareglurnar, sem byggja á síðareglum FIFA, samþykktar með hliðsjón af því. Samhliða síðareglur voru jafnframt samþykktar reglur fyrir keppnisferðir á vegum KSÍ.

LEYFISUMSÆKJENDUR RÍFLEGA TVÖFALDAST

Gríðarleg vinna hefur verið lögð í leyfiskerfið hér á landi og hefur Ísland verið í fararbroddi á meðal aðildarþjóða UEFA í innleiðingu kerfisins frá byrjun þess, en kerfið var innleitt hér á landi fyrir keppnistímabilið 2003. Leyfiskerfið

nær nú til tveggja efstu deilda karla, alls 24 félag og hefur heildarföldi féлага sem undirgangast kerfið ríflega tvöfaldast frá fyrsta árinu.

Sjöunda leyfisferlinu lauk um miðjan mars 2009 með ákvörðunum leyfisráðs varðandi leyfisumsóknir féлага í Pepsi-deild karla og 1. deild karla. Leyfisráð samþykkti þátttökuleyfi 2009 til handa öllum umsækjendum í Pepsi-deild og 1. deild, þ.e. 24 félögum. Félögin urðu öll að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í leyfishandbók KSÍ. Í handbókinni er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst í fjármálum. Kröfurnar sem gerðar eru til féлага í 1. deild eru að grunni til þær sömu, en í mörgum ákvæðum lægri en í Pepsi-deild. Félög sem undirgangast leyfiskerfið í fyrsta sinn fá eins árs aðlögunartíma.

Með leyfisumsókn fyrir 2009 þurfti m.a. að fylgja ársreikningur með fullri áritun endurskoðanda, auk staðfestinga á því að engin vanskil væru hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn, eða vegna félagaskipta. Sum félög sóttu um frest til aðlögunar vegna mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur, og var sá frestur veittur gegn því að lögð væri fram áætlun um framkvæmdir og staðfesting á því að framkvæmdum yrði lokið innan setts tímaramma.

Átján af félögum 24 fengu þátttökuleyfi án athugasemda. Fimm félög voru beitt viðurlögum, annars vegar þar sem forsenda um aðstoðarþjálfara var ekki uppfyllt og hins vegar þar sem viðkomandi félag hafði rekið þjálfara og ekki ráðið í hans stað þjálfara með

tilskilda menntun. Eitt félag undirgekkst leyfiskerfið í fyrsta sinn og var því á eins árs aðlögun. Rétt er að geta þess að það félag hefði ekki fengið þátttökuleyfi 2009 ef leyfisumsókn þess hefði verið tekin fyrir af fullum þunga. Þrjú félög í 1. deild uppfylltu allar nauðsynlegar kröfur í þeirri deild, auk þess að uppfylla allar nauðsynlegar kröfur í efstu deild. Þá undirgekkst eitt félag í 2. deild leyfiskerfið að eigin beiðni, og uppfyllti allar lykilkjörfur fyrir félög í næstu deild fyrir ofan.

VÍÐTÆKT GÆÐAMAT Á LEYFISKERFI KSÍ

Um miðjan september fór fram víðtækt gæðamat á skipulagi leyfiskerfis KSÍ og því starfi sem unnið er við rekstur þess, og þeim gögnum sem félögin framvísa til að sýna fram á að þau uppfylli kröfur leyfiskerfisins. Um var að ræða tvær algerlega aðskildar úttektir, þó báðar færu þær fram í sömu vikunni, og eru ólíkir þættir skoðaðir.

Dagana 16. og 17. september kom hingað fulltrúi SGS, sem er alþjóðlegt matsfyrirtæki sem UEFA hefur ráðið til að gera gæðaúttekt á leyfiskerfi í öllum aðildarlöndum sambandsins (UEFA Licensing Audit). Fulltrúi SGS skoðaði vel alla uppbyggingu leyfiskerfis KSÍ, verkferla, vinnulag og fleira sem snýr að stjórnun leyfiskerfisins. Þessi úttekt SGS er árviss viðburður og annað árið í röð var engin athugasemd gerð við uppbyggingu leyfiskerfis KSÍ.

Í sömu viku, dagana 16. til 18. september var einnig gerð önnur úttekt. Í því tilfelli var um að ræða afar ítarlega úttekt sem sneri að mestu leyti að gögnum þeirra félaga sem undirgangast leyfiskerfi KSÍ (UEFA Compliance Audit). Félög sem léku í UEFA-mótum á árinu

voru grandskoðuð. Hingað til lands kom einn starfsmaður frá UEFA og honum til aðstoðar voru þrír starfsmenn PwC á Íslandi. Þessi seinni úttekt er framkvæmd hjá nokkrum knattspyrnusamböndum á ári hverju og er dregið um það í höfuðstöðvum UEFA hvaða knattspyrnusambönd eru heimsótt hverju sinni. Ýmsar athugasemdir voru gerðar við gögn félaganna og er unnið samkvæmt þeim athugasemdum í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2010.

STARFSHÓPAR SKIPAÐIR

Tveir starfshópar voru skipaðir á árinu. Á ársþingi KSÍ 2009 var samþykkt að skipa 7 manna starfshóp sem ætlað var að skoða fyrirkomulag mótahalds í meistara-flokki utan hins hefðbundna keppnistímabils og leggja fram úrbætur til stjórnar KSÍ ef þörf væri á. Þá skipaði stjórnin sérstakan starfshóp sem skipaður var 6 stjórnarmönnum, og fjallaði sá hópur um ýmis verkefni.

TRÚNAÐARSTÖRF HJÁ UEFA OG FIFA

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, var á árinu skipaður í dómarnefnd UEFA og er hann annar varaformanna nefndarinnar. Jafnframt var Geir í skipulagsnefnd á vegum FIFA fyrir Heimsmeistarakeppni U20 landsliða karla sem fram fór í Egyptalandi í október 2009. Lúðvík Georgsson, stjórnarmaður KSÍ og formaður leyfisráðs, er í Leyfisnefnd UEFA, Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri KSÍ, er í nefnd UEFA um kvennknattspyrnu og loks er Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, í fjölmiðlanefnd UEFA. Ómar Smáráson, leyfis- og markaðsstjóri KSÍ er í sérstökum starfshópi UEFA um leyfismál. Viðar Halldórsson er fulltrúi Íslands í samtökum evrópskra

knattspyrnufélaga (European Club Association - ECA), en þau samtök hafa það hlutverk að gæta hagsmuna knattspyrnufélaganna innan UEFA. KSÍ hefur kappkostað að vera virkt í innra starfi hjá UEFA og FIFA og er þessi nefndarskipan viðurkenning á því starfi.

KSÍ á einnig fulltrúa á meðal alþjóðlegra eftirlitsmanna og dómaraeftirlitsmanna. Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri KSÍ, Guðmundur Pétursson, Ellert B. Schram, Eggert Magnússon og Geir Þorsteinsson störfuðu sem eftirlitsmenn á ýmsum leikjum á vegum UEFA og FIFA á árinu. Egill Már Markússon, Eyjólfur Ólafsson, Sigurður Hannesson og G. Ingi Jónsson störfuðu sem dómaraeftirlitsmenn. Þá bættist Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, í hóp eftirlitsmanna UEFA á árinu og Gylfi Þór Orrason, varaformaður KSÍ, bættist í hóp dómaraeftirlitsmanna UEFA.

FLESTIR IÐKENDUR Í KNATTSPYRNU SEM FYRR

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum og eru sem fyrr langflestir iðkendur hjá KSÍ. Tölur sem birtar eru í árslok 2009 eru fyrir árið 2008. Skráðum iðkendum í knattspyrnu fjölga um rúm 3% milli ára og voru iðkendur árið 2008 um 19.200 talsins og er það fjölgun um tæplega 600 frá árinu á undan. Athyglisvert er þegar rýnt er í tölur lengra aftur í tímann að fjöldi stúlkna og kvenna sem iðka knattspyrnu hefur tvöfaldast á síðastliðnum 10 árum.

Geta má þess að í tölum ÍSÍ er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika í utandeildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis-eða kvöldbolta með vinum og

kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsubótar. Í tölum ÍSÍ er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra. Næst flestir iðkendur samkvæmt tölum ÍSÍ eru í golfi (15.900) og hestaíþróttum (10.200), en þetta er þær greinar þar sem iðkendafjöldinn fer yfir 10.000.

KÆRUR - ÚRSKURÐIR

Alls tók aga- og úrskurðarnefnd fyrir 7 kærur á árinu. Að auki voru þrjár kærur dregnar til baka áður en aga- og úrskurðarnefnd tók þær til endanlegrar málsmeðferðar. Eins og svo oft áður var í flestum tilfellum um að ræða mál sem komu upp vegna gruns kæranda um ólöglega skipuð lið eða ólöglega leikmenn.

Umf. Katla kærði KSÍ vegna ákvörðunar mótanefndar um þátttökulið í 3. deild karla. Þrjú félög sóttu um laust sæti í deildinni og lið Umf. Kötlu varð ekki fyrir valinu. Félagið kærði ákvörðunina, en aga- og úrskurðarnefnd úrskurðaði að ákvörðunin skyldi standa óhögguð.

Keflavík kærði Breiðablik vegna leiks í Íslandsmóti eldri flokks karla (30+), þar sem Keflavík taldi að lið Breiðabliks hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Breiðablik gert að greiða sekt.

Keflavík kærði ÍR vegna leiks í Pepsi-deild kvenna, þar sem Keflavík taldi að lið ÍR hefði verið ólöglega skipað í leiknum vegna rangrar skráningar á leikskýrslu. Aga- og úrskurðarnefnd féllst ekki á kröfur Fjölnis og úrskurðaði að úrslitin skyldu standa óhögguð. Keflavík áfrýjaði úrskurðinum til

áfrýjunardómstóls KSÍ, sem staðfesti fyrri úrskurð.

Stjarnan kærði HK vegna leiks í VISA-bikarkeppni 3. flokks karla, þar sem Stjarnan taldi að lið HK hefði notað leikmann sem hefði átt að vera í leikbanni. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var HK gert að greiða sekt.

Þróttur R. kærði Hauka vegna leiks í Íslandsmóti 2. flokks karla, þar sem Þróttur taldi að lið Hauka hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Haukum gert að greiða sekt.

Framkvæmdastjóri KSÍ lagði fram kærur á hendur Selfossi vegna falsaðrar leikskýrslu í leik í Íslandsmóti B-liða 3.flokks karla, Selfoss/KFR gegn Aftureldingu. Nefndin úrskurðaði að Selfoss/KFR teldist hafa tapað leiknum 0-3 og var kærða jafnframt gert að greiða sekt. Þá var forráðamaður liðs Selfoss/KFR úrskurðaður í 6 mánaða bann.

Umf. Neisti D. kærði UMFL vegna leiks í Íslandsmóti 5. flokks karla, þar sem Neisti taldi að lið Langnesinga hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var UMFL gert að greiða sekt.

NÝIR SAMNINGAR VIÐ COKE OG ICELANDAIR

KSÍ og Icelandair undirrituðu í byrjun september samkomulag um áframhaldandi samstarf til næstu fjögurra ára (2010-2013). Þá var fjögurra ára samkomulag KSÍ og Vífilfells (Coca-Cola) undirritað í janúar 2010. Í samningunum felst

stuðningur Icelandair og Vífilfells við starfsemi KSÍ á öllum sviðum og nær samningurinn m.a. til allra landsliða Íslands af báðum kynjum. KSÍ hefur átt í farsælu samstarfi við þessi tvö öflug fyrirtæki til margra ára og styrkir þetta samkomulag tengslin enn frekar.

SAMSTARFSADILAR KSÍ

KSÍ hefur síðan 2006 verið í samstarfi við sjö fyrirtæki undir yfirskriftinni *Alltaf í boltanum með KSÍ*. KSÍ ákvað að tengja slagorðið *Alltaf í boltanum* við starfsemi sína, en það lýsir vel því hugarfari sem einkennir allt starfið. Samningar þessir fólu í sér í aðalatriðum að fyrirtækin sjö voru sýnileg í allri starfsemi KSÍ.

Fyrirtæki þessi eru:

- Coca-Cola (Vífilfell)
- Icelandair
- Íslenskar getraunir
- Landsbankinn
- Mastercard
- Vodafone
- VÍS

Þá átti KSÍ samstarf á árinu við Guðmund Jónasson, Ísspor, Icelandair Hotels (Flugleiðahótel), Heklu, Miða.is, Errea (Safalinn) og fleiri þjónustufyrirtæki.

•••••

FJÁRMÁL

213 MILLJÓNIR TIL ÍSLENSKRA FÉLAGA

UEFA ákvað á árinu, líkt og áður, að hluti af þeim tekjum sem sambandið hafði af Meistaradeild UEFA 2008/2009 skyldi renna til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna og unglunga. Íslensk félög fengu um 37 milljónir króna í sinn hlut. UEFA setti eftirfarandi skilyrði fyrir greiðslu til félags:

1. Greiðslan fer í gegnum viðkomandi knattspyrnusamband.
2. Aðeins félög sem hafa samþykka uppeldisáætlun sem uppfyllir lágmarks kröfur leyfiskerfis viðkomandi knattspyrnusambands varðandi barna- og unglungastarf geta fengið greiðslu.
3. Fjárhæðin skiptist á milli félaga skv. ákvörðun stjórnar viðkomandi sambands.
4. Félög sem tóku þátt í Meistaradeild UEFA 2008-2009 skulu ekki fá hlutdeild í þessari greiðslu.

Í samræmi við ofangreind skilyrði ákvað stjórn KSÍ að framlag UEFA rynni til þeirra félaga sem léku í Pepsi-deild karla og 1. deild karla árið 2009, en í þeim deildum hefur KSÍ innleitt leyfiskerfi (m.a. kröfur um samþykka áætlun um uppeldisstarf).

Stjórn KSÍ samþykkti síðan að leggja til um 33 milljónir króna til viðbótar framlagi UEFA. Félög úr Pepsi-deild fengu 2,2 mkr, félög úr 1. deild 1,5 mkr, félög í 2. deild karla 1,0 mkr, en önnur félög í deildarkeppni kr. 750 þúsund og félög utan deildarkeppni kr. 200 þúsund. Greiðslan til félaganna átti síðan að renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldurs-flokks karla og kvenna.

Þau félög sem tóku þátt í UEFA keppnum 2009 fengu í sinn hlut samtals um 143 milljónir króna, FH um 60 milljónir fyrir þátttöku í forkeppni Meistaradeildar UEFA, (UEFA Champions League), og Íslandsmeistaratitillinn 2008, Fram og KR um 33 milljónir hvort félag fyrir þátttöku í forkeppni Evrópu-deildar UEFA (UEFA Europa League), og Keflavík um 16 milljónir fyrir þátttöku í forkeppni sömu keppni. Framlög til félaganna hækkuðu því umtalsvert frá síðasta ári en kostnaður þeirra vegna þátttöku í UEFA keppnum hækkaði jafnframt verulega.

Heildarframlag UEFA og KSÍ til aðildarféлага á árinu 2009 er því um 213 milljónir króna en árið 2008 var þessi upphæð um 166 milljónir króna.

STYRKUR TIL LEYFISUMSÆKJENDA

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í janúar 2010 að greiða öllum 24 félögunum sem undirgengust leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið styrk fyrir vinnu við undirbúning leyfisumsókna sinna. Ákveðið var að greiða hverju félagi í Pepsi-deild karla og 1. deild karla 500 þúsund krónur, sem greiddist í tveimur hlutum.

AUKIN ÚTGJÖLD VEGNA DÓMGÆSLU

Stjórn KSÍ tók þá ákvörðun í ljósi efnahagsástandsins að taka yfir kostnað félaganna vegna ferðakostnaðar dómara í meistaraflokki Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu 2009 voru um 80 Mkr. Stærstu liðirnir voru ferðakostnaður og launagreiðslur til dómara (ásamt launatengdum gjöldum), alls 59 Mkr. Til viðbótar er síðan ferðakostnaður vegna eftirlits KSÍ á leikjum, en þar voru laun ekki greidd, búnaður o.fl. Kostnaður KSÍ vegna þessarar

ákvörðunar leiddi til hækkunar útgjalda sambandsins frá árinu 2008 um 30 milljónir króna.

RÚMLEGA 100 MILLJÓNIR TIL AÐILDARFÉLAGA

Í lok keppnistímabilsins fengu félög greiddar 14,4 m.kr. í verðlaunafé fyrir árangur í Pepsi-deild og VISA-bikar. Auk þess fengu félög í Pepsi-deild og VISA bikar sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi samtals að upphæð um 91 milljón króna.

Pepsi-deild karla		
Sæti	Félag	Upphæð
1	FH	1.000.000
2	KR	700.000
3	Fylkir	500.000
4	Fram	300.000
5	Breiðablik	300.000
6	Keflavík	300.000
7	Stjarnan	300.000
8	Valur	300.000
9	Grindavík	200.000
10	ÍBV	200.000
11	Þróttur R.	200.000
12	Fjölnir	200.000
		4.500.000

VISA-bikar karla		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Breiðablik	1.000.000
2	Fram	500.000
3-4	Keflavík	300.000
3-4	KR	300.000
5-8	FH	200.000
5-8	Fylkir	200.000
5-8	HK	200.000
5-8	Valur	200.000
9-16	Fjarðabyggð	100.000
9-16	Grindavík	100.000
9-16	Reynir S.	100.000
9-16	Höttur	100.000
9-16	ÍBV	100.000
9-16	KA	100.000
9-16	Víðir	100.000
9-16	Þór	100.000
		3.700.000

Pepsi-deild kvenna		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	Breiðablik	700.000
3	Þór/KA	500.000
4	Stjarnan	300.000
5	Fylkir	300.000
6	KR	300.000
7	GRV	300.000
8	Afture/Fjölnir	300.000
9	ÍR	200.000
10	Keflavík	200.000
		4.100.000

ÁRSSKÝRSLA KSÍ 2009

VISA-bikar kvenna		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	Breiðablik	500.000
3-4	Fylkir	300.000
3-4	Stjarnan	300.000
		2.100.000

HAGNAÐUR UPP Á TÆPAR 50 MILLJÓNIR KRÓNA

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2009 námu 703 milljónum króna samanborið við 870 milljónir króna á árinu 2008. Lækkun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af lækkun á erlendum tekjum. Rekstrar-kostnaður KSÍ var nánast á ætlun en frávikin voru vegna aukinna

landslíðsverkefna og ákvörðunar stjórnar KSÍ að taka á sig aukinn kostnað vegna dómara sem áður féll á aðildarfélögin.

Vaxtatekjur KSÍ á árinu 2009 voru um 53 milljónir króna og innleystur gengishagnaður um 38 milljónir króna sem er mikill viðsnúningur frá fyrra ári. Hagnaður af rekstri KSÍ á árinu 2009 var 50 milljónir króna sem er mun betra heldur en samþykkt áætlun gerði ráð fyrir.

Styrkir til aðildarfélaga á árinu námu um 96 milljónum króna. Voru það styrkir úr mannvirkja-sjóði, styrkir til félaga vegna barna-

og unglingastarfs, leyfiskerfis og fleira.

Erlend skammtímalán, að upphæð um 600 milljónir króna, sem tekin voru vegna framkvæmda við skrifstofu- og fræðslusetur KSÍ voru greidd upp á árinu 2009 og hvíla nú engar vaxtaberandi skuldir á KSÍ í fyrsta skipti í rúman áratug.

Fjárhagstaða KSÍ er traust við áramót, lausafjárstaða góð, handbært fé um 328 milljónir króna og eigið fé tæpar 234 milljónir króna.